



SKOÐUN Forsætisráðherra er retrómaður skrifar Guðmundur Andri Thorsson. **13**



MENNING Opnunarviðsverk Listahátíðar í Reykjavík er Svartar fjaðrir. **18**



LÍFID Stærsta innanhúss-hjólabettaaðstaða landsins er á Akureyri. **20**



SPORT Man. Utd hafði betur í Manchester-slagnum gegn Man. City. **22**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Landmark leiðir þig heim!
Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

13. apríl 2015
85. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Kirkjubækur meðal verkefna

Skráning kirkjubóka, færsla siglingasviðs Vegagerðarinnar til Skagafjarðar og frumkvöðlasetur á Skagaströnd eru meðal tillagna um eflingu byggðar. **11**

Salerni vantar víða Fararstjóri og ljósmyndari segir allt of fáa staði á landsbyggðinni þar sem ferðafólk kemst á klósett. **2**

Fáir hafa séð útfærsluna Forsætisráðherra boðaði á flokksþingi Framsóknarflokksins um helgina að lagður yrði á stöðugleikaskattur við afnám gjaldeyrishafta. Þingmenn flokksins hafa ekki séð útfærslu skattheimunnar. **4**

Tyrkir reiddust páfa Ummæli páfans um Þjóðarmorð Tyrkja á Armenum fyrir 100 árum fóru fyrir brjóstið á tyrkneskum ráðamönnum. **6**



2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



KAUPAUKA TILBOÐ

NUTRILENK ACTIVE fylgir í kaupbæti þegar keypt er 180 töflu glas af NUTRILENK GOLD*

Virkar vel saman!

* Gildir til 30. apríl.

Fólki sama um merktar gjafir

Mikill meirihluti vill að Kiwanis og Eimskip fái að gefa grunnskólabörnum merktar reiðhjólahljálma. Reglur Reykjavíkurborgar um gjafir koma í veg fyrir slíkt. Borgarfulltrúi segir mikilvægt að breytingum verði flýtt.

REYKJAVÍK Yfir 90 prósent landsmanna vilja að Kiwanishreyfingin og Eimskip fái að gefa grunnskólabörnum reiðhjólahljálma og fræðsluefni um mikilvægi og notkun þeirra. Þetta kemur fram í könnun sem Capacent Gallup framkvæmdi fyrir Kiwanis og Eimskip.

Reykjavíkurborg bannaði gjafirnar í byrjun þessa árs, þar sem hjálmarnir voru merktir Eimskipafélaginu, sem stangast á við reglur sem kveða á um að ekki megi afhenda grunnskólabörnum gjafir á skólatíma séu á þeim merkingar. Þá komu sömu reglur í veg fyrir að Tannlæknafélag Íslands fengi að gefa börnum tannbursta og tannþráð. Kiwanis og Eimskip hafa gefið 1. bekkingum reiðhjólahljálma í ellefu ár.


Í könnuninni kemur fram að 90,3 prósent eru hlynt gjöfunum. Alls

voru 5,5 prósent andvíg og þeir sem svöruðu hvorki né voru 4,2 prósent.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu í janúar fram tillögu um endurskoðun reglnanna í borgarráði. Þeir telja þær of þröngar og komi meðal annars í veg fyrir kynningar í öryggis- og heilbrigðismálum. „Þetta er skiljanleg niðurstaða. Það á að vera sjálfsgott að börn fái að þiggja hluti sem eru gefnir börnum til góða eins og hjálma, tannbursta og sólmyrkvagleraugu. Þetta kallar augljóslega á að vinnunni við að breyta reglunum verði flýtt. Það gengur ekki að borgaryfirvöld séu svara mikið í óþarfa stríði til að halda úti alltof einstrengislegum reglum sem hefur nú að auki fengið staðfesting á að er svo gott sem enginn áhugi fyrir hjá foreldrum,“ segir Hildur Sverrisdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundasviðs borgarinnar, segir endurskoðun reglnanna í ferli. „Ég hef óskað eftir því að það verði klárað á þessu vori. Þessar reglur voru settar ekki síst að beiðni skólastjóra á sínum tíma, sem fannst óþægilegt að engin viðmið væru um hvar mörkin liggja í þessu. Vinnuhópur skilaði í kjölfarið tillögum sem sviðið samþykkti sem reglur um þetta árið 2013. Það voru skiptar skoðanir á þeim eins og þessi könnun staðfestir og þess vegna erum við að endurskoða þetta núna.“ Úrtak könnunarinnar var 1.750 manns á öllu landinu, 18 ára og eldri, handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Capacent Gallup. Fjöldi svarenda var 1.050. Um netkönnun var að ræða sem framkvæmd var 5. til 13. febrúar.

→ Spurt var um afstöðu til merktra reiðhjólahljálma sem gefnir eru 1. bekkingum grunnskóla.



BAR SIGUR ÚR BÝTUM Alda Dís Arnardóttir var að vonum ánægð þegar Auðunn Blöndal upplýsti í gærkvöldi að hún hefði farið með sigur af hólmi í hæfileikakeppninni Ísland Got Talent. Í öðru sæti voru piltarnir í BMX Brós. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

Mikið lagt í sýninguna: Fékk send efni frá Sonia Rykiel

FÓLK Fatahönnunarsýning annars árs nema í Listaháskólanum fór fram á fimmtudagskvöld. Sýningin, sem fór fram í Hörpu, var einstaklega glæsileg en hún er afkrastur fimm vikna námskeiðs fatahönnunarbrautar. Manuela Ósk Harðardóttir var ein þeirra sem sýndu, en efnin í línunni hennar voru ekki af verri endanum „Ég kom heim einn daginn og þá höfðu þau hjá Sonia Rykiel sent mér nokkur æðisleg efni og fullt af Swarovski-steinum sem var ótrúlega sætt af þeim,“ segir Manuela. Önnur efni keypti hún í New York og París.



MANUELA ÓSK HARÐARDÓTTIR

-asi / sjá síðu 54

Náttúrufræðistofnun Íslands lýsir áhyggjum af Þjóðgarðinum á Þingvöllum: Unnið er að nýrri stefnumótun

UMHVERFISMÁL Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar Íslands hafa áhyggjur af stöðu mála í Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Þetta kemur fram í óbirtri greinargerð sem stofnunin hefur unnið um áhrif ferðamennsku á náttúruferðingum.

Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar segja ljóst að gróðri hafi hnignað á þeim svæðum þar sem flestir ferðamenn fara um og álagid er mest. Mat þeirra er að meta þurfi ástand og þróun náttúruferðingum á Þingvöllum í tengslum við ágang vegna ferðamennsku og fleiri þætti. Hiklaust eigi að „loka við-

kvæmum stöðum“ þar til gerðar hafi verið ráðstafanir til að vernda svæðið fyrir frekari ágangi.

Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, segir uppbyggingu í þjóðgarðinum til að mæta auknum ferðamannastraumi eiga langt í land. „Ég vil ekki segja að við séum að byrja en það er mjög margt ógert,“ segir hann.

Fram kom í Fréttablaðinu um helgina að Ólafur gerir ráð fyrir að gestum fjölgi á þessu ári um fimmting til fjórðung í þjóðgarðinum og fari því vel yfir 700 þúsund. Í fyrra sóttu tæplega 600 þúsund gestir þjóðgarðinn heim, sem



Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.

er tvöföldun á aðeins fjórum árum. Ferðamálastofa reiknar með því að eftir áratug verði gestir á Þingvöllum 970 þúsund til 1,6 milljónir á ári hverju.

„Ég vil ekki segja að við séum rétt að byrja en það er mjög margt ógert.“

Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.


-shá, óká / sjá síðu 8

Lokadagur
Kauphlaup

10-70% afsláttur
Opið til 19

SMÁRALIND

VEÐUR



Sunnanátt og rigning eða slydda snemma, en síðan vestlægari og skúr. Úrkomulítið norðaustanlands. Ágætis hitatölur á öllu landinu og allt að 10 stigum norðaustanlands.

SJÁ SÍÐU 16

Einn slasaðist alvarlega þegar hann varð undir bifreið í gær: Neyðarástand á Holtavörðuheidi

SLYS Neyðarástand skapaðist á Holtavörðuheidi í gær þegar tólf bíla árekstur átti sér stað í miklum skafrenningi og lélegu skyggni. Einn var fluttur alvarlega slasaður með sjúkrahúsi til Reykjavíkur og lögreglumaður var fluttur á Hvammstanga þegar hann varð fyrir bíl á heidinni. Lokaði lögreglan heidinni um tíma og beindi umferð um Bröttubrekku og Laxárdalsheiði á meðan.

Tveir bílar lentu í upphafi í árekstri á heidinni. Vegfarendur

á heidinni gættu ekki að sér og skullu á þeim bifreiðum. Þegar allt var talið höfðu tólf bifreiðar lent í árekstri á heidinni í erfiðu færi.

Unnið var að því fram eftir kvöldi að losa úr flækjunni á heidinni við erfiðar aðstæður. Sex bifreiðar voru ókufærar eftir áreksturinn.

Skyggni á heidinni var mjög lítið um miðjan dag í gær.

NEYÐARÁSTAND Holtavörðuheidin lokaðist þegar fjöldi bíla lenti þar í árekstri. Aðstæður til aksturs voru víða erfiðar um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Týr stendur í stórræðum: Sigla til móts við gúmmibát

LANDHELGISGÆSLAN Áhöfn varðskipsins Týs sigldi í nótt til móts við gúmmibát norður af Líbýu. Talið er líklegt að um borð séu flóttamenn á leið yfir Miðjarðarhafið. Týr fékk beiðni frá ítölskum yfirvöldum í samstarfi við Landmærarastofnun ESB, FRONTEX, um að sigla til móts við gúmmibátinn.

Þegar beiðnin barst var báturinn staddur um 18 sjómílu norður af Líbýu. Áætlað var að varðskipið næði til flóttamannanna um tvöleitið í nótt. - SA



SOFIÐ Á GÖTUNNI Börn í Maníla á Filippseyjum lögðu sig til svefns á dýnu sem einhver hafði skilið eftir. NORDICPHOTOS/AFP

Alþjóðlegur dagur heimilisláusra barna haldinn í gær: Enginn veit hve mörg þau eru

FILIPPSEYJAR Víða í stærstu borgum heims er fjöldi barna heimilisláus, en enginn veit hve mörg þau eru í heildina. Fyrir meira en áratug sagði UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, líklegt að þau gætu verið allt að hundrað milljónir.

Í gær var í fimmta sinn eftir til alþjóðlegs dags til að minna á heimilisláus börn, en Sameinuðu þjóðirnar hafa boðað aðgerðir árið 2016 til þess að tryggja að stjórnvöld víða um heim veiti börnum í raun þau réttindi sem þeim eru tryggð í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

- gb

Bláa lónið stækkar: Sex milljarða framkvæmdir

FERDAPJÓNUSTA Bláa lónið fyrirhugar stækkun lónsins á næstu misserum. Jáverk á Selfossi mun af því tilefni byggja lúxushótel á svæði lónsins. Heildarkostnaður við stækkunina er metinn á um 6 milljarða króna.

Framkvæmdir við stækkun Bláa lónsins munu taka um tvö ár og á annað hundrað störf verða til á framkvæmdatímanum.

Fjölgun erlendra ferðamanna hér á landi kallar á stækkun lónsins að mati forsvarsmanna þess. Bláa lónið er einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins í dag. Nú starfa um 300 manns hjá Bláa lóninu. - SA

Kosning innan SGS hefst: Áfram verður fundað í dag

KJARAMÁL Samningafundur hefst að nýju á milli BHM og ríkisins í dag. Þá hefst í dag kosning um verkfallsaðgerðir meira en tíu þúsund félagsmanna Starfgreinasambandsins.

Ekkert hefur verið fundað um helgina en áhrifa verkfalls BHM gætir víða og stefnir í að enn fleiri fari í verkfall.

Aðgerðir sem hafnar eru bitna mjög á þjónustu Landspítalans þar sem geislafræðingar, náttúrufræðingar, ljósmæður og fleiri háskólamenntaðir innan spítalans eru í ótímabundnu verkfalli. Ljósmæður mæta þó til vinnu tvo daga vikunnar. - lb

Víða um land er bágborin klósettaðstaða

Fararstjóri og ljósmyndari segir alltof fá almenningssalerni á landsbyggðinni fyrir ferðamenn. Oft þurfi að keyra marga tíma úr leið til að komast á salerni. Kjartan Mór Kjartansson, bæjarstjóri Reykjaneshöfnar, tekur undir og segist skammast sín.

FERDAPJÓNUSTA „Ég hef þurft að keyra tvo tíma úr leið með ferðamenn til þess eins að komast á klósett“, segir Olgeir Andrésson, ljósmyndari og fararstjóri hjá Icelandic Aurora.

Olgeir bendir á að alltof fá almenningssalerni séu á landsbyggðinni fyrir ferðamenn og að það verði að bæta úr þeim vanda í ljósi aukins ferðamannastraums hér á landi. „Vandamálið er mun meira á veturna en á sumrin, þá eru sum salerni opin sem ekki eru opin á veturna“, segir Olgeir og í framhaldi tekur hann dæmi um vinsælar ferðir sem farið er í með ferðamenn.

„Til dæmið þegar lagt er af stað í Reykjaneshringinn um klukkan átta að morgni til, þá kemst fólk ekki á klósett fyrr en um hádegi þegar komið er til Grindavíkur“, segir Olger en ferðin tekur um það bil þrjá tíma með skoðunarferðum á milli staða.



OLGEIR ANDRÉSSON

„Eftir stoppið í Grindavík er farið út á Reykjanesið og helstu staðirnir þar skoðaðir, til dæmis Vaðlahnjúkur, Gunnedur og brúin milli heimsálfa. Þetta getur tekið um tvo til þrjá tíma og þar er engin salernisaðstaða, hvorki á veturna né á sumrin, og fólk kemst ekki á salernið fyrr en komið er aftur til Reykjavíkur“, segir Olgeir og bætir við að það bráðvanti salernisaðstöðu fyrir ferðamenn við Seltún, Krýsuvík og á Reykjanesinu sjálfu. „Þetta er komið í hendur sveitar-



FERDAPÓLK Náttúrufergurðin ein dugur ekki þegar fólk er í spreng. Leiðsögumaður nefnir Snæfellsnes og Reykjanes sérstaklega sem svæði þar sem sárlega skortir almenningssalerni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

félaganna og ég myndi vilja að ráðherra styrkti sveitarfélögin til þess að bæta úr þessu.“

„Ég tek undir þetta allt saman og við skömmumst okkar hreinlega“, segir Kjartan Mór Kjartansson, bæjarstjóri Reykjaneshöfnar.

„Ég veit það að úti á Reykjanesi er verið að hefja undirbúning að aðstöðu fyrir ferðamenn, en hún verður reyndar ekki tilbúin í sumar. Við vitum alveg af þessu og reynum að gera hvað við getum til þess að vinna í þessum málum“, segir Kjartan.

Olgeir tók einnig dæmi um ferðir á Snæfellsnesið og segir vandann einnig mikinn þar, sérstaklega á veturna. „Það er salernisaðstaða á Hótel Búðum en eftir það stopp er næsta salerni á norðanverðu

„Ég veit það að úti á Reykjanesi er verið að hefja undirbúning að aðstöðu fyrir ferðamenn, en hún verður reyndar ekki tilbúin í sumar.“

Kjartan Mór Kjartansson, bæjarstjóri í Reykjaneshöfnar.

Snæfellsnesi. Þetta þýðir um það bil þrjár klukkustundir án þess að komast á salerni þar sem stoppað er í skoðunarferðir á leiðinni.“

nadine@frettabladid.is

Ókeypis heyrnarmæling síðan 2004

Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyrnarstodin.is **HEYRNARSTÖÐIN**

Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrri stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

Hillary Clinton sækist eftir því að verða forsetaefni Demókrataflokksins: Hefur loks tekið af skarið

BANDARÍKIN Hillary Clinton skýrði frá því í gær að hún sækist eftir því að verða forsetaefni Demókrataflokksins í kosningunum á næsta ári. Jafnframt opnaði hún á netinu kosningasíðu og ætlar strax á næstu vikum að hefja formlega kosningarbaráttu.

„Ég býð mig fram til forseta“, sagði hún á myndbandi á vefsíðunni, og bætti við stuttri setningu þar sem hún gefur tóninn fyrir áherslur í kosningabaráttunni. „Bandaríkjamenn hafa barist út úr efnahagsvanduræðum en spilin eru enn stökkuð þannig að topparnir bera mest úr bítum.“

Clinton var á árunum 2009 til 2013 utanríkisráðherra í stjórn Baracks Obama, eftir að hafa tapað fyrir honum í forkosningum Demókrataflokksins árið 2008.

Forsetakosningar verða haldnar í Bandaríkjunum eftir hálf tveimur árum, eða í byrjun nóvember árið 2016. Árum saman hafa verið vangaveltur um að hún ætli sér að taka lagið þá, og nú hefur hún sem sagt staðfest það sjálf.

Meðal þeirra Repúblikana sem þykja hvað líklegastir til að etja kappi við hana er Jeb Bush,



HILLARY CLINTON Ætlar að hella sér út í kosningabaráttuna strax á næstu vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

bróðir George W. Bush og sonur George H. W. Bush, sem báðir hafa verið forsetar.

- gb

50
FIMMTIÚ ÁR Á ÍSLANDI
TOYOTA
MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

NÝR RAV4

ÆVINTÝRIÐ BÍÐUR



ISLANSKUSTYOT 7367 0016

Verð frá: 4.740.000 kr.

500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur verður dreginn úr hópi þeirra sem fá nýja Toyotu afhenta í apríl**

Uppgötvaðu ævintýrin í lífi þínu á ný með RAV4. Hann er fullkominn fyrir skemmtun með vinum og fjölskyldu og kemur þér þangað sem þú vilt fara með nóg rými fyrir farþega og farangur. RAV4 er hljóðlátur, öruggur og með framúrskarandi aksturseiginleika. Hann fæst bæði framhjóladrifinn og með fjórhjóladrifi.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

GJAFABRÉF FRÁ ICELANDAIR TIL EVRÓPU MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM*



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

**Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Tilgreint verð í þessari auglýsingu á við um RAV4 GX Plus, 2.0 1D4D FWD, 6 gíra. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

SPURNING DAGSINS



Svanhildur, varstu ekki bara að spila með þetta lið?
 „Jú eiginlega, það er nefnilega alltaf gaman að spila svolítið með fólki.“
 Svanhildur Eva Stefánsdóttir er eigandi Spilavina og hélt Alþjóðlega borðspiladaginn hátíðlegan á laugardag með Spilavinum sínum.

Mannréttindasamtök fordæma líflátsdóma yfir leiðtogum Bræðralags múslima í Egyptalandi: Segja réttarfarið í Egyptalandi hrúnið

EGYPTALAND Framkvæmdastjóri alþjóðlegu mannréttindasamtakanna Human Rights Watch segir réttarhöldin yfir Mohammed Badie og fleiri leiðtogum Bræðralags múslima í Egyptalandi hafa verið skripaleik.
 „Sú staðreynd að þeir sem sögðu frá fjöldamorðunum 2013 gætu farið í ævilangt fangelsi en hinir sem frömdu þessi dráp fá opinbera viðurkenningu sýnir fullkomlega hið ömurlega hrún réttarfarsins á þessum breytingatímum

í Egyptalandi,“ hefur Reuters-fréttastofan eftir Sarah Leah Whitson, sem er framkvæmdastjóri samtakanna í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku.
 Dómstóll í Egyptalandi staðfesti á laugardaginn líflátsdóma yfir Badie og þrettán öðrum háttsettum leiðtogum Bræðralagsins. Þeir voru upphaflega dæmdir til dauða 28. apríl síðastliðinn eftir átta mínútna réttarhöld. Alls voru nærri 700 manns dæmdir til dauða þennan dag eftir réttarhöld, þar

sem sakborningarnir fengu enga möguleika til þess að koma við vörnum.
 Mennirnir hlutu þessa dóma fyrir að hvetja til ofbeldis og morða eftir að egypski herinn hafði steipt stjórn Mohammeds Morsi forseta sumarið 2013. Bræðralag múslima mótmælti stjórnarbyltingunni og hundruð manna létu lífið þegar herinn réðst til atlögu gegn mótmælendum.
 Enn er hægt að áfrýja dómnum til hæstaréttar í Egyptalandi. -gb



MOHAMMED BADIE Leiðtogi Bræðralags múslima bak við lás og slá í Egyptalandi síðastliðið sumar.



Á HÉRAÐI Skógar og lífríkið í kring er vaktað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Framsóknarmenn ekki séð útfærslu stöðugleikaskatts

Forsætisráðherra boðaði á flokksþingi Framsóknarflokksins að lagður yrði á stöðugleikaskattur við afnám gjaldeyrishafta. Vigdís Hauksdóttir og Frosti Sigurjónsson, þingmenn Framsóknarflokksins, hafa ekki séð útfærslu skattsins.

Bíða eftir fjármagni: Meta áhrif eldgoss á skógana

NÁTTÚRA Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins hefur í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands sótt um styrk til að meta áhrif eldgossins í Holuhrauni á skóga og lífríki í nágrenni þeirra. Áhrifin verða metin með þrennum hætti: Vöktun og sýnatöku á trjám; vatnssýnatöku og mælingum á sýrustigi jarðvegs og botngróðursmælingum.
 Í frétt frá Skógræktinni segir að þrátt fyrir að enn hafi ekki borist svar um hvort fjármagn fæst til rannsókna hafi starfsmenn farið til sýnatöku úr lækjum og snjósköflum á Héraði í byrjun apríl. -shá

STJÓRN MÁL „Ég er ekki búin að sjá útfærslu á skattinum og get ekki svarað því hvort hann eigi bara við um erlenda kröfuhafa,“ segir Vigdís Hauksdóttir, alþingismaður Framsóknarflokksins, um stöðugleikaskattinn sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði að yrði lagður á erlenda kröfuhafa við afnám gjaldeyrishaftanna.
 Forsætisráðherra boðaði á flokksþingi Framsóknarmanna síðastliðinn föstudag að ráðist yrði í að afnema gjaldeyrishöft áður en þingið lyki störfum í vor. Þá sagði hann að lagður yrði á stöðugleikaskattur sem myndi skila hundruðum milljarða í þjóðarþúið. Einnig kom fram að skatturinn ásamt öðrum aðgerðum gerði stjórnvöldum kleift að losa um höft án þess að efnahagslegum stöðugleika yrði ógnað.
 „Þetta er einfaldlega enn þá af þeirri stærð í dag að ég veit ekkert,“ segir Vigdís. Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, hefur heldur ekki séð útfærslu á stöðugleikaskattinum. „Þetta er ekki enn þá komið til nefndarinnar minnar. Sigmundur og Bjarni eru þeir einu sem vita eitthvað um málið,“ segir Frosti og bætir því við að afnámshaftavinnan sé formlega ekki komin á borð þingsins. „Þetta er í vinnu hjá framkvæmdarvaldinu ennþá.“
 Hvorki náðist í Sigmund Davíð né Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra, en sá síðarnefndi er sagður væntanlegur til landsins í dag.
 Sigmundur fór á fundinum hörðum orðum um kröfuhafa föllnu bankanna og sagði þá skrifa skýrslur og greinargerðir um stjórn málaástandið á Íslandi og halda skrá um blaðamenn og stjórnmalamenn til þess að verja gríðarlegar eignir sínar hér á landi. Þá talaði hann um leyniskýrslur og lögfræðinga og almannatengla sem vinni að hagsmunum kröfuhafanna. Auk þess sagði hann að kröfuhafar hefðu framan af stefnt að því að Ísland gengi í Evrópusambandið og fjármagnaði tap bankanna með lánunum frá Evrópska seðlabankanum. Fyrri ríkis-



Á FLOKKSÞINGI FRAMSÓKNAR UM HELGINA Á hægri hönd Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra situr Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra, en á vinstri hönd eiginkona hans, Anna Sigurlaug Pálsdóttir, og Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Met slegið í Noregi: Metsala á fiski til útlanda

NOREGUR Slegið hefur verið nýtt met í fiskútflutningi Noregs. Á fyrsta fjórðungi þessa árs fluttu Norðmenn út lax og annan fisk fyrir yfir 17 milljarða norskra króna. Útflutningur á laxi jókst um 5 prósent fyrstu þrjá mánuði ársins og nam hann 11,2 milljörðum norskra króna.
 Metið er slegið þrátt fyrir mikið tap á mörkuðum í Rússlandi og Kína. Salan hefur aukist til Bretlands og Spánar, að því er sænska ríkisútvarpið greinir frá. -ibs

stjórn hefði unnið eftir þeirri línu. Þannig hefði ekki verið hægt að stíga næsta skref við losun haftanna nema skýra afstöðuna til umsóknarinnar að Evrópusambandinu.
 Einar Karl Haraldsson almannatengill hefur sent fréttabréf til hóps kröfuhafa fyrir slitastjórn Glitnis og fjalla þau meðal annars um umræður á Alþingi og fréttir fjölmiðla af málum slitastjórna, kröfuhafa og gjaldeyrishafta. Í fréttabréfi frá því í febrúar er vitnað til greinar eftir Ásmund Einar Daðason um að ríkisstjórnin ætli að standa fast á hagsmunum sínum gagnvart kröfuhöfum sínum. Forsætisráðherra vitnaði til þessara orða í ræðu sinni og lagði þau í munn kröfuhafa. Því mátti skilja að kröfuhöfum stæði sérstök ógn af Framsóknarflokknum. Hins vegar er það upplýst í nýjasta fréttabréfinu fyrir slitastjórn Glitnis, sem leit dagsins ljós eftir ræðu Sig-

→ Fékk jafnréttisviðurkenningu flokksins

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hlaut um helgina jafnréttisviðurkenningu Framsóknarflokksins 2015. Í rökstuðningi jafnréttisnefndar flokksins segir að Gunnar Bragi hafi sem ráðherra sett jafnréttismálin á dagskrá. Hann hafi í ræðum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna talað fyrir jafnrétti og mikilvægi þess að fá karlmenn með í baráttunni fyrir kynjajafnrétti, samfélaginu í heild til góðs.
 mundar á föstudag, að orðin eru sótt í grein Ásmundar Einars Daðasonar, sem jafnframt er pólitískur aðstoðarmaður forsætisráðherra. nadine@frettabladid.is, tka@frettabladid.is



Gæði og glæsileiki

LMC hjólhýsi

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opíð mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

Framsóknarflokkurinn samþykkti tillögu í andstöðu við stjórnarfrumvarp: Á móti kaupauka bankanna

ALÞINGI Karl Garðarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, mun ekki greiða frumvarpi fjármálaráðherra um fjármálafyrirtæki atkvæði sitt að óbreyttu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að kaupaukagreiðslur starfsmanna fjármálafyrirtækja geti numið allt að fjórðungi heildarlauna starfsmanna þeirra. Þessu ákvæði er Karl ósamhá. „Ég mun ekki samþykka frumvarp fjármálaráðherra að óbreyttu. Það væri þá í andstöðu við þá samþykkt sem ég lagði til á flokksþingi Framsóknarflokksins og fékk samþykka með miklum meirihluta,“ segir Karl.
 Á flokksþinginu um helgina samþykkti flokkurinn tillögu Karls um að kaupaukar fjármálafyrirtækja yrðu með öllu bannaðir. Mikill meirihluti flokksmanna samþykkti tillöguna sem eina af stefnum flokksins til næstu tveggja ára.
 „Frumvarp fjármálaráðherra er nú í meðförum efnahags- og viðskiptanefndar þingsins og getur tekið breytingum innan nefndarinnar. Nú þurfum



KARL GARÐARSSON



BJARNI BENE-DIKTSSON Fjármálaráðherra hefur lagt fram stjórnarfrumvarp sem gerir ráð fyrir að kaupaukar geti numið fjórðungi heildarlauna starfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

við bara að bíða og sjá hvaða breytingum frumvarpið mun taka í nefndinni,“ segir Karl.
 Formaður efnahags- og viðskiptanefndar þingsins, Frosti Sigurjónsson, segist munu berjast fyrir breytingum á frumvarpi nefndarinnar og að frumvarpið gangi gegn stefnu Framsóknarflokksins. „Við hljótum að vinna eftir stefnu Framsóknarflokksins,“ segir Frosti. -sa

NÝR MITSUBISHI OUTLANDER PHEV

VIÐ FÖGNUM

35

ÁRUM MEÐ
ÍSLENDINGUM

KOMDU VIÐ HJÁ OKKUR OG PRÓFAÐU!



Mitsubishi Outlander PHEV er fyrsti fullvaxni rafknúni fjórhjóladrifsbíllinn sem knúinn er íslenskri orku og bensíni; þitt er valið. Hann er tvíorkubíll svo að þú stingur bara í samband og sparar bensínið til betri tíma. Ef þú vilt vernda umhverfið, hvíla veskið eða fá þér öruggan fjórhjóladrifinn fjölskyldubíl er Outlander málið.

Mitsubishi Outlander
PHEV (Plug-in Hybrid)

6.430.000 kr.

Mitsubishi Outlander
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

5.050.000 kr.

Búnaður í Outlander PHEV: 18" álfelgur, aðgerðastýri, upplýsingaskjár í mælaborði með bakkmyndavél, USB tengi og handfrjáls símabúnaður, hraðastillir með fjarlægðarskynjara, árekstravörn, akreinavari, tvískipt tölvustýrð miðstöð, upphituð framsæti, upphituð framrúða, AM/FM útvarp, CD/MP3 spilar, rafdrifnir og upphitaðir útspeglar með stefnuljósum, vindskeið að aftan með LED lýsingu, þokuljós að framan með beygjuljósum, regnskynjari á rúðupurrkum, sjö öryggisþúðar, skyggt gler í hliðar- og afturrúðu, svartir langbogar á þaki, þvottasprautur á aðaljósum, dagljósabúnaður.



**MITSUBISHI
MOTORS**

FYRIR HUGSANDI FÓLK

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað voru hollenskar mæðgur gripnar með mikið af fíkniefnum í Leifsstöð á föstudaginn langa?
2. Hvenær segir forsætisráðherra von á frumvarpi um afnám hafta?
3. Hvert er Gunnar Nelson að fara í æfingabúðir?

SVÖR

1. Um tuitugu kl. 2. Fyrir þinglok. 3. TI Las Vegas í Bandaríkjunum.

Snorri Óskarsson í Betel telur enn samkynhneigð vera synd á sama hátt og hórdóm og aðra lesti: Íhugar að snúa aftur til starfa í Brekkuskóla

DÓMSMÁL Snorri Óskarsson, oft kenndur við Betel, var sýknaður af kröfum Akureyrarbæjar í héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir helgi. Hann íhugar nú að snúa aftur til kennslu í Brekkuskóla, þaðan sem honum var sagt upp störfum árið 2012.

„Af hverju á maður að útiloka það? Þarna var gott fólk sem ég vann með og þetta er stofnun sem mér þykir vænt um,“ segir Snorri. Sér þyki hins vegar ekki heillandi að þurfa að starfa undir skóla-

stjóra sem ekki hafi sýnt betri dómgreind.

Snorri undirbýr nú skaðabótamál á hendur bænum, en hann hefur verið launalaus frá 1. janúar 2013. Hann fagnar hins vegar niðurstöðu héraðsdóms og telur málatilbúnað bæjarins hafa byggt á fordómum í hans garð. Þá séu sameiginlegir hagsmunir kennara að standa vörð um tjáningarfrelsi þeirra. Undarlegt sé því að Kennarasamband Íslands hafi ekki viljað verja hann.

Þá segist Snorri ekki sjá eftir því að hafa tjáð skoðanir sínar um samkynhneigð, en bloggskrif hans um efnið voru rótin að uppsögn hans á sínum tíma. „Þú veist hvað er sagt þegar þú kemur í kirkju, þá erum við látin biðja fyrir því að hafa syndgað margvíslega í hugsunum og orðum. Það hrekkur enginn í kút við það, en það hrökkva allir í kút þegar það er sagt að samkynhneigð sé synd. Það er bara alveg eins og hórdómur og aðrir lestri.“



FYRIR DÓMI Snorri Óskarsson ásamt lögmanni sínum, Einari Gauti Steingrímssyni, í dómssal í byrjun febrúar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN



Á NETINU Svindlarar hafa féfletta ástfangna Dani fyrir hundruð þúsunda danskra króna.

NORDICPHOTOS/GETTY

Féfletta fólk á netinu:

Ástfangnir Danir sviknir

DANMÖRK Danskir karlar og konur hafa verið svikin um háar fjárhæðir á stefnumótasíðum á netinu. Lis Daugaard greindi frá því í viðtali við danska ríkissjónvarpið að maður sem sagðist heita Robert Aleksandar hefði haft af henni 94 þúsund danskar krónur. Viðkomandi hefði notað mynd af ítölskum kaupskýslumanni.

Steffen Thomsen bauðst til að greiða ferð til Danmerkur fyrir konu sem sagðist vera rússnesk og heita Katya. Hann sendi henni 40 þúsund danskar krónur og beið án árangurs á flugvællinum. Hann komst að því að konan hefði verið í sambandi við 15 aðra karla sem höfðu sent henni fé.

- ibs

Sádar sprengja enn í Jemen: Hafna kröfum um vopnahlé

JEMEN Ekkert lát er á loftárásum Sádi-Araba og bandamanna þeirra á uppreisnarmenn í Jemen. Bæði Sameinuðu þjóðirnar og stjórn Írans hafa krafist þess að hlé verði gert á árásunum, en Sádi-Arabar skella skollaeyrum við þeim kröfum.

Saud al Faisal, utanríkisráðherra Sádi-Arabíu, sagði í gær að þvert á móti hefði árásunum verið fjölgað úr 35 í 120 á hverjum einasta degi. Árásirnar hafa bitnað harkalega á almenningi.

- gb

Tyrkir reiddust Frans páfa

Ummæli páfa um þjóðarmorð Tyrkja á Armenum fyrir hundruð árum fara ákaflega fyrir brjóstið á tyrkneskum ráðamönnum. Sendiherra Páfagarðs í Tyrklandi var kallaður á fund utanríkisráðherra Tyrklands.

TYRKLAND Tyrknesk yfirvöld kölluðu í gær sendiherra Páfagarðs á sinn fund vegna ummæla Frans páfa, sem hafa farið mjög fyrir brjóstið á Tyrkjum.

Árið 1915 voru hundruð þúsunda Armena myrt í Tyrklandi. Í ávarpi á sunnudag sagði páfi þetta hafa verið fyrstu fjöldamorð 20. aldarinnar. Þetta hafði forveri hans, Jóhannes Páll II., reyndar einnig sagt í yfirlýsingu árið 2001.

Frans páfi tók í gær á móti Karekin II., æðsta partíarka armensku rétttrúnaðarkirkjunnar. Báðir tóku þeir þátt í messu í Péturskirkjunni í Róm í tilefni þess að hundruð ár eru nú liðin frá fjöldamorðunum í Tyrklandi.

Tyrkir hafa aldrei viljað nefna þetta fjöldamorð, heldur tala þeir um gríðarlegt mannfali á báða bóga í hörðum átökum. Bæði Tyrkir og Armenar hafi þar gerst sekir um fjöldamorð, en mannfalið hafi samt ekki verið jafn mikið og Armenar hafi viljað vera láta.

Tyrkneskum yfirvöldum er þetta svo mikið hjartans mál að þar í landi er hreinlega bannað með lögum að tala opinskátt um þessa atburði. Fyrir níu árum var blaðamaðurinn Hrant Dink, sem var bæði af tyrkneskum og armenskum ættum, dæmdur í skilorðsbundið fangelsi fyrir að gagnrýna þessa afneitun Tyrkja á þjóðarmorðinu á Armenum. Hann var svo myrtur árið eftir. Frans páfi hikar þó ekki við að kalla þetta þjóðarmorð, en minnti í ávarpi sínu í gær á fleiri voðaverk á okkar tímum, þar á meðal útrýmingarherferðir á hendur kristnu fólki.

Hann sagði morðin á Armenum hafi verið fyrstu fjöldamorð 20. aldarinnar, en á eftir hafi fylgt voðaverk bæði nasista og stalínista. „Og síðar hafa verið framin fjöldamorð víðar, eins og í Kambódíu,



MESSAÐ Í PÁFAGARÐI Frans páfi ásamt Karekin II., æðsta partíarka armensku rétttrúnaðarkirkjunnar, í Péturskirkjunni í Róm.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Rúanda, Búrúndí og Bosníu. Svo virðist sem mannkynið sé ófært um að stöðva úthellingu á saklausu blóði,“ sagði páfi í gær. „Enn höfum við ekki áttað okkur á því að stríð er brjálæði, tilgangslaus slátrun.“

Það var Levant Murat Burhan, aðstoðarutanríkisráðherra Tyrklands, sem tók á móti Antonio Lucibello, sendiherra Páfagarðs, og sagði ummæli páfa um þjóðarmorðið á Armenum hafa valdið tyrkneskum stjórnvöldum djúpri sorg og vonbrigðum. Hann sagði að Tyrkir myndu örugglega bregðast við með einhverjum hætti.

gudsteinn@frettabladid.is

Þjóðarmorð

Sagnfræðingum ber flestum saman um að rétt sé að tala þarna um þjóðarmorð og segja afneitun Tyrkja sambærilega afneitun á helför gyðinga á tímum nasistastjórnarinnar í Pýskalandi.

Árið 1915 bjuggu um tvær milljónir Armena í Tyrklandi, en Tyrkir voru þá bandamenn Þjóðverja í heimsstyrjöldinni fyrri. Tyrkneskir herforingjar tóku að saka armenska minnihlutann um landráð. Þann 24. apríl það ár voru meira en 200 af helstu leiðtogum armenska þjóðarbrotisins í Tyrklandi handteknir, og er sá dagur almennt talinn upphaf þessara atburða.

Upphófust síðan miklar og almennar ofsóknir gegn Armenum í Tyrklandi. Strax árið 1915 var meira en milljón Armena hrakin úr landi og hundruð þúsunda myrtir. Þetta hélt áfram allt til ársins 1923, þegar Tyrkjaveldi hið gamla leið undir lok.

Hafdis...

... sannfærir okkur um að matreiðsla án sykurs og hveitis er ekki erfið

Kíktu á gottimatinn.is og sjáðu hversu einfalt það er að elda heilsusamlega.

Allt fyrir baðherbergið

Á MÚRBÚÐARVERÐI

CERAVID

 Þýsk gæði



3-6 lítra hnappur

CERAVID SETT WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta. Þýsk gæðavara
39.990

Hæglokandi seta

Skál: „Scandinavia design“



Ríga salerni með setu gólf- eða veggstútur. Kr.

24.990

Sturtusett MTG Tower kr.

14.990



BOZZ sturtuklefi

80x80cm

41.990

Fást einnig í 90x90cm á kr. 43.490. Einnig eru til rúnnaðir 90x90 klefar á kr. 43.990

Sturtustöng og -brúsa fylgja.



11.990

AGI-167 hitastýrð blöndunartæki fyrir sturtu.

Rósettur og hjámiðjur fylgja.

Vatnslás og botnventill frá McAlpine seldur sér á kr. 1.290



Cisa Layer kr.

5.590

Guoren hitastýrð blöndunartæki

GUOREN



Sturtusett kr.
3.990



Ryðfrír barki 220 cm kr.

1.190

Sturtuhaus 200 mm kr.

4.995 MIKIÐ ÚRVAL



Guoren TLY Sturtusett kr. **39.990**



EN 1111:1997



Guoren 4F Hitastýrt baðtæki Exclusive kr. **18.990**



Guoren 1L Hitastýrt baðtæki standard kr. **16.990**

CE



Guoren-AL Hitastýrt tæki með uppstút kr. **13.990**



Guoren-BO Hitastýrt tæki með niðurstút kr. **13.990**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

LÁTUM FAGMENN VINNA VERKIN

Reykjavík Kletthálsi 7. Ópið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Ópið virka daga kl. 8-18

Málm handföng. Rósettur og hjámiðjur fylgja.



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Uppbygging Þingvalla á langt í land

Pótt mikið hafi áunnist við uppbyggingu á Þingvöllum er mikið verk óunnið ef mögulegt á að verða að taka á móti mörg hundruð þúsund ferðamönnum á hverju ári. Náttúrufræðistofnun Íslands lýsir áhyggjum í úttekt á álagi í Þjóðgarðinum. Ný stefnumótun er í vinnslu.

Svavar
Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Uppbygging á Þingvöllum til að mæta auknum ferðamannastraumi á langt í land, að mati Þjóðgarðsvarðar. Helstu perlur innan Þjóðgarðsins eru undir gríðarlegu álagi.

Eins og Fréttablaðið fjallaði um á laugardaginn telur Ólafur Örn Haraldsson Þjóðgarðsvörður að starfsmenn Þjóðgarðsins hafi aldrei verið eins vel undirbúnir fyrir komur ferðamanna en að langt sé í land til að gera svæðið bætt fyrir þann ferðamannastraum sem búist er við í sumar.

Spurður hvert mat hans sé á þeirri uppbyggingu sem blasir við að er nauðsynleg á Þingvöllum til að bregðast við auknum ferðamannastraumi segir Ólafur að mikið verk sé óunnið. „Ég myndi segja að við séum á fyrri hluta alls þess sem þarf að gera. Ég vil ekki segja að við séum rétt að byrja en það er mjög margt ógert,“ svarar Ólafur. Hann bætir við þeirri þælingu hversu langt eigi að ganga við að setja upp mannvirki á Þingvöllum. Gæta verði að ásynnd landsins á þessum heilagasta stað Þjóðarinnar. Ef endalaust verða settir upp pallar og tröppur þá tapist upprunaleg ásynnd landsins, og því þurfi að finna hinn gullna meðalveg.

Viðkvæmt vor

Ólafur hefur sérstakar áhyggjur af því að Þjóðgarðurinn fari illa næstu vikurnar vegna þess að allt er svaðblautt og landið illa búið undir mikla umferð. En þegar eru skemmdir orðnar varanlegar.

„Það sem er ömurlegast að horfa upp á er mosinn, til dæmis við Flosagjá. Þar hefur fólk gengið með gjánum til að horfa ofan í tært vatnið og þar hafa orðið mikil landspjöll. Þetta grær ekki fljótt og vel heldur eru skemmdirnar óbætanlegar til áratuga. Núna er þetta flag eitt,“ segir Ólafur. „Við erum að reyna að verja þetta og því verður að koma upp aðstöðu til að takmarka umferðina, þótt sumir fari alltaf fram hjá slíkum merkingum, því miður.“

Löngu sprungið

Í óbirtri greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands um áhrif ferðamennsku á náttúrufar þjóðgarðsins á Þingvöllum, sem var gerð að ósk Þjóðgarðsvarðar, bergmála áhyggjur af stöðunni í dag. Ljóst sé að álag innan Þjóðgarðsins er orðið það mikið að líta þarf til skipulags, aðbúnaðar og innviða Þjóðgarðsins til að ekki verði skaði á náttúrufari, eins og segir í úttektinni.



VIÐ FLOSAGJÁ Átroðningur við helstu perlur Þjóðgarðsins hefur valdið óafturkræfum skemmdum á mosa en víða blasir forarsvaðið við.

MYNDR/EINAR SÆMUNDSSON

Þar segir að ekki fari fram hjá neinum sem heimsækir Þjóðgarðinn í lok sumars hversu mikið álag er af völdum ferðamanna. „Til að draga úr álagi á náttúrufar er mikilvægt að stýra ferðamönnum eins og hægt er um Þjóðgarðinn meðan á heimsókn þeirra stendur og leita leiða til að dreifa umferð og þar með álagi innan garðsins.“ Fræðsla og upplýsingar um náttúrufar og menningarmínjar Þjóðgarðsins er mikilvægur þáttur í þessu, er ein niðurstaða höfunda.

Sérfræðingar NÍ segja ljóst að gróðri hefur hnignað á þeim svæðum þar sem flestir ferðamenn fara um og álagið er mest. Eins að þær einföldu aðgerðir sem starfsmenn Þjóðgarðsins hafa framkvæmt, t.d. bannskilti og kaðlar, hafi gert sitt gagn en duga ekki í öllum tilfellum og sérstaklega ekki þar sem umferð er mikil. „Setja þarf fram skýra stefnu um heimsóknir stærri ferðamannahópa og upplýsa ferðaskrifstofur um hana. Enn fremur þarf að afmarka athafnasvæði ferðamannsins um svæðin til að vernda gróður.“



„Ég vil ekki segja að við séum rétt að byrja en það er mjög margt ógert.“

Ólafur Örn Haraldsson
Þjóðgarðsvörður.

Það er mat sérfræðinga NÍ að nauðsynlegt sé að meta ástand og þróun náttúrufars innan Þjóðgarðsins í tengslum við ágang vegna ferðamennsku og annarra áhrifaþátta. Fylgjast þurfi vel með þeim svæðum þar sem umferð ferðamanna er að aukast „og hiklaust á að loka viðkvæmum stöðum þar til gerðar hafa verið ráðstafanir til að vernda svæðið fyrir frekari ágangi.“

Útsýni yfir langferðabíla

Þegar fyrir lá tilnefning Þingvalla til heimsminjaskrár Sameinuðu þjóðanna 2004 var hafist handa við að móta stefnu Þjóðgarðsins þar sem tekið var á meginatriðum verndar og stjórnunar. Stefnan var samþykkt 2004 og hefur síðan þá verið kjölfesta stjórnunar á Þingvöllum. Í ljósi breyttra forsenda samþykkti Þingvallanefnd að endurskoða stefnumörkunina og vinnan, sem staðið hefur í vetur, er langt komin.

Í verkefnalýsingu við endurskoðunina er sérstök áhyggjum lýst af þinghelginni, enda sá hluti Þjóðgarðsins sem flestir gestir fara um og skoða.

„Þar er þungamiðja sögunnar, mikilvæg kennileiti og miklar fornminjar. Að sama skapi er þinghelgin einnig sá staður sem hefur orðið fyrir einna mestu álagi vegna fjölgunar ferðamanna. Meðal viðfangsefna við endurskoðunina er að skerpa á stefnu um það hvers konar upplifun þinghelgin á að bjóða, jafnframt vernd menningar og náttúru-minja,“ segir í verkefnalýsinguinni og nefnt að í dag eru langferðabílar einna mest áberandi, ekki síst þegar horft er yfir þinghelgina af Hakinu, en bílum er gjarnan lagt á bílastæði neðan Almagnagjár, við Flosagjá og víðar.



FERÐAMENN Á HAKINU Á ÞINGVÖLLUM Hér má sjá hvernig ferðafólk lét ekki hávetur stöðva sig í að heimsækja Þingvelli í febrúar síðastliðnum. Um 600 þúsund manns heimsóttu Þjóðgarðinn í fyrra, en í ár býst Þjóðgarðsvörður við að fjöldinn fari vel yfir 700 þúsund.

MYND/ÞINGVALLAÞJÓÐGARÐUR



SANDAUSTUR Til hálkuvarna hafa verið notuð 100 tonn af sandi á Þingvöllum í vetur. Sandurinn situr eftir um allt og hálkuvarnir eru til sérstakrar skoðunar.

ERLENDUM GESTUM FJÖLGAÐ UM 107%

- Áætlað er að árið 2014 hafi tæplega 600 þúsund gestir komið til Þingvalla en það er tvöföldun á aðeins fjórum árum.
- Talið er að um 38% komi í hópferðum en 42% á eigin vegum. Af hópferðamönnum eru um 68 þúsund farþegar skemmtiferðaskipa á dagsferð um Suðurland.
- Þjóðgarðsvörður býst við 20 til 25% fleiri gestum á þessu ári og þeir verði því vel yfir 700.000.
- Ferðamálastofa reiknar með að eftir tíu ár verði gestirnir á bilinu 970.000 til 1,6 milljónir.
- Frá árinu 2004 hefur ferðamönnum á Þingvöllum fjölgað um 77%, þar af hefur erlendum ferðamönnum fjölgað um 107% og Íslendingum um 19%.



SÓLARHRINGUR SUMARFERÐA

SÓLARHRINGSTILBOÐ

á valdar brottfarir í sumar.

Hefst á hádegi í dag.

Nánar á Sumarferdir.is



...eru betri en aðrar

Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur | Sími 514 1400 | sumarferdir.is



Fjárfesting í Reykjavík



Aukin ferðapjónusta kallar á meiri uppbyggingu



Framkvæmdagleiði um alla borg



Ný erlend fjárfesting



Hugmyndir um ný hverfi

Borgarstjórinn í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson, býður til opins kynningarfundar um fjárfestingu og framkvæmdir í Reykjavík.

Sagt verður í máli og myndum frá ýmsum framkvæmdum í borginni og áformum sem eru í deiglu:

Hótel og ferðapjónusta í Reykjavík – Umfang og uppbygging

Þekkingarþorpið í Vatnsmýrinni – Samstarf háskólanna, Landspítalans og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu

Samgöngumiðstöð í Vatnsmýrinni – Nýr tengipunktur

Austurhöfn – Þjónusta, verslun og íbúðabyggð

Iðnaðarsvæði – Gagnaver og græn fjárfesting

Faxaflóahafnir – Ný atvinnustarfsemi á hafnarsvæðum

Lóðir og nýjar íbúðir – Samstarf um þéttingu byggðar og nýju Reykjavíkurhúsinn

Fundurinn verður haldinn **miðvikudaginn 15. apríl kl. 8.30** í **Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur** og er hann öllum opinn.

Boðið verður upp á léttu morgunhressingu frá kl. 8.00. Gert er ráð fyrir að fundurinn verði búinn fyrir kl. 10.00.



SÉRTILBOÐ

Frá kr.
59.900

Róm

30. apríl í 4 nætur

Heimsferðir bjóða borgarferð til borgarinnar eilífu. Nú getur þú kynnst þessari einstöku borg í fylgd fararstjóra Heimsferða og upplifað árpúsundamenningu og andrúmsloft sem er einstakt í heiminum. Péturstorgið og Péturskirkjan, Vatíkanið, Spænsku tröppurnar, Colosseum, Forum Romanum og Pantheon hofið. Skoðuðu hallir og meistaraverk endurreisnartímans, barokk-kirkjur og stórkostleg meistaraverk þeirra Rafael og Michelangelos.

Róm er ein frægasta borg rómverska heimsveldisins, þekkt fyrir hið ljúfa líf sem og óskirnar sem ferðalangar óska sér þegar þeir kasta 3 smápeningum í gosbrunninn Fountain. Róm er og hefur verið vagna menningar og trúarbragða en Vatíkanið er sjálfstæð borg innan höfuðborgarinnar. Söguleg miðja borgarinnar er skráð á heimsminjaskrá UNESCO en þar má finna stórfenglegar og rómantískar rústir frá tímum Rómverja. Andrúmsloftið í Róm er blanda af þessari sögulegu arfleifð með heimsborgaraívaði.


Upplifðu torgin í Róm, litríkt mannlífið á Piazza Navona, hinn fræga Trevi brunn og hið fræga Colessium. Það jafnast fátt við að röltu um þessa stórkostlegu borg, saga í sig mannlífið, njóta ítölsku veitingastaðanna og upplifa hversvegna allar leiðir liggja til Rómar.

Hotel Presidente

Frábært verð

Frá kr. 99.900

Netverð á mann frá kr. 99.900 m.v. 2 í herbergi m/morgunmat



Hotel Donna Laura Palace

Frábært verð

Frá kr. 89.900

Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v. 2 í herbergi m/morgunmat



Flugsæti

Frábært verð

Frá kr. 59.900

Netverð á mann frá kr. 59.900, báðar leiðir með sköttum



EINISDAGIÐ 13. APRÍL 2015 | Birt með lýnara um þrenullur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síku. Ath. að verð getur breyst án lýnara.



Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
Akureyri • Sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Paul Ramses selur listmuni í Kolaportinu til þess að standa undir opnun grunnskóla:

Ramses opnar grunnskóla í Kenía

SAMFÉLAG „Við seljum handgerða hluti í Kolaportinu til að safna fyrir skólanum,“ segir Paul Ramses Qduor sem stefnir að því að opna grunnskóla fyrir 320 börn í Kenía næsta ágúst. Paul og kona hans, Rosemary Atieno, fengu pólitískt hæli hér á landi árið 2010 eftir tveggja ára baráttu.

Í Kolaportinu stendur Ramses vaktina allar helgar og selur listmuni sem búnir eru til af konum sem búa á heimilum sem þau hjón reka í Kenía.

Hjónin stofnuðu góðgerðafélagið *Tears Children and Youth Aid* árið 2010 með hjálp vina á Íslandi. Félagið leggur áherslu á að veita munaðarleysingjum, ósjálfbjarga börnum, ungmennum og konum á jaðri samfélagsins í Kenía menntun og aðra aðstoð til sjálfshjálpar. Skólinn á að vera fyrir fátæk börn og unglinga og skapa skjól fyrir munaðarlaus börn og einstæðar mæður.

„Við höfum nú þegar byggt leikskóla fyrir 150 munaðarlaus börn,“ segir Paul Ramses.



PAUL RAMSES í Kolaportinu selur Ramses muni til styrktar góðu málefni. MYND/K.K.



SKEMMT MALBIK Gert er ráð fyrir að 13 til 14 þúsund tonn af malbiki fari til gatnaviðhalds í Reykjavík í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Um 240 milljónir til viðbótar í malbik

Áætlað er að kostnaðurinn vegna malbikunarframkvæmda í Reykjavík í ár nemi 690 milljónum króna. Ekkert gefið eftir varðandi gæði malbiksins, segir Bergþóra Kristinsdóttir verkfræðingur. Loka þarf götum í nokkra daga ef steyp er.

VEGAGERÐ Verja á um 240 milljónum króna til viðbótar til viðhalds gatna í Reykjavík í ár miðað við í fyrra.


Ólafur Bjarnason, samgöngu- og stjóri Reykjavíkur, segir það hafa blasað lengi við að meira fé þurfi til endurnýjunar gatnakerfisins. Áætlað er að 13 til 14 þúsund tonn af malbiki fari til gatnaviðhalds og að kostnaðurinn nemi 690 milljónum króna. Kostnaðurinn í fyrra var 458 milljónir króna á núvirði, að sögn Ámunda Brynjólfssonar, skrifstofustjóra framkvæmda og viðhalds.

Reykjavíkurborg hefur ekkert gefið eftir varðandi gæði malbiksins sem lagt er á götur borgarinnar. Þetta er mat Bergþóru Kristinsdóttur, verkfræðings hjá Eflu, sem unnið hefur að gatnaviðhaldsmálum. „Í útboðsgögnum hafa menn beðið um og fengið efni af góðum gæðum, samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru á hverjum stað. Ástandið er fyrst og fremst slæmt vegna veðurfars og þess að of litlu fjármagni hefur verið varið í endurnýjun gatnakerfisins síðustu ár. Þetta er uppsafnaður viðhaldsvandi,“ bendir Bergþóra á.

Spurð hvort það verði ekki ódýrara til lengri tíma lítið að nota víðar dýrari tegundir malbiks segir Bergþóra að taka verði tillit til margra þátta við val á slitlagstegund.

„Fram að þessu hafa menn ekki slegið af gæðum við val á slitlagi á götum. Slitlagstegund er valin eftir því hve mikil umferð er á viðkomandi götu. Þannig er t.d. ekki valið

KOSTNAÐUR VIÐ MALBIKSFRAMKVÆMDIR SL. 5 ÁR



„Ástandið er fyrst og fremst slæmt vegna veðurfars og þess að of litlu fjármagni hefur verið varið í endurnýjun gatnakerfisins síðustu ár. Þetta er uppsafnaður viðhaldsvandi.“

Bergþóra Kristinsdóttir, verkfræðingur hjá Eflu, verkfræðistofu.

að nota þykkt slitlag með dýru steinefni í botngötum í húsahverfum því það skilar sér ekki í betri endingu. Fjárframlög hafa verið alltof lítil í langan tíma. Það er erfitt að réttlæta það að nota efni sem er til dæmis 30 prósentum dýrara og gera þá við 30 prósentum minna. Þegar svo og svo mikið er ónýtt verður að finna leiðir til að ná að gera við það sem þarf.“

Að sögn verkfræðingsins endist malbik á götum með miklum

umferðarþunga í sex til tíu ár en steypa, sem er miklu dýrari, í 30 til 40 ár. Það sé hins vegar erfiðara að steypa götur nema þegar verið er að leggja nýjar. „Götur þurfa að vera lokaðar í nokkra sólarhringa eftir að steyp er. Í langflestum tilfellum er ekki hægt að loka götum í nokkra daga. Það er til dæmis erfitt að loka miðakrein á Miklubraut til að steypa hana.“

ibs@frettabladid.is

Skráning kirkjubóka eitt verkefna til að styrkja byggð

Skráning kirkjubóka, færsla Siglingasviðs Vegagerðar til Skagafjarðar og frumkvöðlasetur á Skagaströnd eru meðal tillagna um eflingu byggðar. Landshlutinn býr nú þegar yfir hlutfallslega flestum opinberum störfum.

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Gert er ráð fyrir að átta stofnanir og verkefni verði flutt til Norðvesturlands samkvæmt tillögum nefndar á vegum forsætisráðherra. Einnig er gert ráð fyrir fjölda nýrra verkefna til að styrkja og efla byggð í landshlutanum. Lagt er til að í það minnsta 130 störf verði til í landshlutanum eða flytjist þangað á næstu misserum.

Um aldamótin 2000 bjuggu 7.970 íbúar í landshlutanum. Þann 1. janúar síðastliðinn voru íbúarnir 7.137. Mest er fækkunin það sem af er öldinni á Skagaströnd eða rúmlega 20 prósent fækkun. Í Skagafirði hefur fækkað um 6,6 prósent frá aldamótum.

Lagt er til að RARIK verði flutt til Skagafjarðar, Minjastofnun á Sauðárkróki efla, að eigendahlutverk ríkisins í stofnfé Sparisjóða verði fært til Bygðastofnunar, Siglingasvið Vegagerðarinnar verði flutt til Skagafjarðar og að umferðareftirlit Samgöngustofu fari til lögreglunnar í landshlutanum. Einnig á ný þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins að verða til í landshlutanum og sex störf að flytjast innan Vinnuálastofnunar í landshlutann vegna aukinna verkefna greiðslustofu stofnunarinnar.

Langflest störf sem munu flytjast frá öðrum landshlutum til landshlutans koma frá RARIK, eða um 50 talsins. Einnig er ráðgert í tillögum nefndarinnar að 18 störf siglingasviðs Vegagerðarinnar flytjast til Skagafjarðar og að fjögur störf Sam-

göngustofu verði lögð niður og færð til lögreglunnar í umdæminu.

Nú hafa tillögur nefndarinnar verið til meðferðar hjá forsætisráðuneyti síðan um miðjan desember. Hvorki Þórolfur Arnason, forstöðumaður Samgöngustofu, né Hreinn Haraldsson, forstjóri Vegagerðarinnar, höfðu heyrt af hugmyndum nefndarinnar og þær höfðu ekki verið ræddar við þá.

Þrettán verkefni eru einnig þess eðlis að um ný störf er að ræða sem kostuð eru af ríkinu. Þar kennir margra grasa. Til að mynda er til laga um að þrjú ný störf verði til í þriggja ára verkefni um skráningu kirkjubóka í landshlutanum. Heildarkostnaður við það verkefni verði um 45 milljónir króna, eða 15 milljónir króna árlega.

Nefndin leggur einnig til að 30 milljónum verði varið í frumkvöðlasetur í tengslum við einkahlutafélagið BioPol ehf. á Skagaströnd. Einkahlutafélagið er í eigu sveitarfélagsins Skagastrandar. Nefndin leggur til að hið opinbera leggi fé í tækjabúnað að upphæð 13 milljónir króna, breytingar á húsnæði einkahlutafélagsins sem metið er á 7 milljónir króna og að eitt stöðugildi verði til í Háskólanum á Akureyri að upphæð 10 milljónir króna sem yrði þá staðsett á Skagaströnd.

Í lok síðasta árs tók Bygðastofnun saman fjölda opinberra starfa eftir landshlutum. Í þeirri greiningu kemur fram að í landsbyggðunum sker Norðvesturland sig úr í fjölda opinberra starfa. Norðvesturland býr hlutfallslega yfir flestum opinberum störfum, ef horft er til fjölda íbúa.

sveinn@frettabladid.is



SKAGAFJÖRÐUR Norðvesturland býr nú þegar yfir hlutfallslega flestum opinberum störfum ef landsbyggðirnar eru skoðaðar. Lagt er til að 130 opinber störf hið minnsta komi til viðbótar inn í landshlutann.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hugmyndir Norðvesturnefndar um eflingu landshlutans og fjölgun opinberra starfa

	Ný störf	Flutt störf
1. Efla Háskólann á Hólum	4	
2. Efling Fjölbrotaskólans á Sauðárkróki	5	
3. Uppbygging Frumkvöðlaseturs á Sauðárkróki	2	
4. Tilflutningur Heimahafnar LHG	5	
5. Varðveisla afhendingarskyldra gagna á Sauðárkróki	2	
6. Selasetur Íslands á Blönduósi	2	
7. Efling Fæðingarorlofsjóðs	2	2
8. Hvíldarinnlagnir á Heilbrigðisstofnun á Hvammstanga	4	
9. Skráningarverkefni kirkjubóka	3	
10. Bíóísilframleiðsla á Blönduósi	1	
11. Efling Þekkingarseturs á Blönduósi	2	
12. Efling Sýslumannsembættisins á Blönduósi	4	
13. Frumkvöðlasetur BioPol ehf.	1	
14. Hugvísindarannsóknir	1	
15. Höfuðstöðvar húsnæðislánafélags á Sauðárkrók	ekki vitað	ekki vitað
16. Höfuðstöðvar RARIK til Skagafjarðar og starfstöðvar á Blönduósi og Hvammstanga eflar		50
17. Efling Minjastofnunar á Sauðárkróki	6	
18. Eigendahlutverk ríkisins í stofnfé sparisjóða til Bygðastofnunar	1	
19. Siglingasvið Vegagerðarinnar til Skagafjarðar	18	
20. Umferðareftirlit Samgöngustofu fært til Lögreglu á Norðvesturlandi	4	
21. Ný þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins til Hvammstanga	3	
22. Aukin verkefni Greiðslustofu Vinnuálastofnunar	6	
SAMTALS:	38	90

Taprekstur Norðlenska: Skilaði fimmtíu milljóna tapi

VIÐSKIPTI Kjötvinnslyfjurtækið Norðlenska var rekið með tæplega fimmtíu milljóna króna tapi á síðasta rekstrarári.

Um er að ræða tæplega 200 milljóna króna viðsnúning frá árinu þar á undan þegar fyrir-tækið skilaði um 140 milljóna króna hagnaði.

Sigmundur Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska, hefur látið hafa það eftir sér að markaðsaðstæður hér á landi hafi verið afar erfiðar fyrir kjötvinnslyfna á síðasta ári og magn innflutts kjöts á markaði hafi aukist.

Norðlenska rekur starfsstöðvar á Akureyri, Húsavík og á Höfn í Hornafirði.

- 5a

MEZINA
ROSEBERRY

Öflugt gegn blöðrubólgu

Virkar innan 24 tíma
2-3 töflur fyrir svefn

Fæst í apótekum, heilsubúðum og í heilsuhillum stórmarkaðanna
www.gengurvel.is

THE TECHNO SPACE

SJÁLFSKIPTUR DÍSIL frá 3,8 L/100 KM í blönduðum akstri
SNERTISKJÁR
3 AFTURSÆTI Í FULLRI STÆRD
ÓHINDRAÐ ÚTSÝNI

CITROËN C4 PICASSO sjálfskiptur
5 MANNA
FRÁ 3.940.000 KR.

CITROËN GRAND C4 PICASSO
7 MANNA
FRÁ 4.330.000 KR.



KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJA CITROËN C4 PICASSO OG GRAND C4 PICASSO

Hvort sem þú velur 5 eða 7 manna útgáfu er tæknin framúrskarandi og rýmið nánast takmarkalaust. Með snertiskjánum stjórnar þú öllum aðgerðum og fylgist með lágrí eyðslunni. 3 sæti í fullri stærð eru í sætaröð fyrir aftan framsæti. Citroën Grand C4 Picasso var valinn fjölskyldubíll ársins af Top Gear og fjölnotabíll ársins af timaritinu WhatCar. Bílarnir hlutu einnig eftirsóttu viðurkenninguna Gullna stýrið í flokki fjölnotabíla.



Nýir og notaðir bílar: Sóludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | citroen.is



Listahátíðin í Reykjavík 2015 – Fyrri hluti:

Ég verð kona í vor

Menning og listir eru mannbætandi. Það er að minnsta kosti mín reynsla. Hvort sem um er að ræða bók, kvikmynd, mynd, tónlist, leikhús eða eitthvað annað sem er skapað þannig að hreyfi við mér, þeim lurk sem ég er, þá gerir það mig vonandi að ögn skárrí manni. Órlítið skilningsríkari, forðómalausari og jafnvel kærleiksríkari manni. Það er göfugt verkefni.

Verkefni sem er engan veginn viðunandi að sé einvörðungu sinnt af mínum líkum því þá er hætt við að árangurinn verði dálítið takmarkaður. En ef ég fæ innsýn í líf, tilfinningar og hugsanir þeirra sem deila ekki fyrir hugmyndaheimi mínum og reynslu, eins og til dæmis kvenna, þá held ég að þetta verði meira spennandi.



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er einmitt tilgangurinn með Listahátíð í Reykjavík og fleiri lista- og menningarhátíðum sem efnt er til á ári hverju. Að gefa fólki þess kost að stækka sinn reynslu- og hugmyndaheim, kynnast því sem stendur því fjarri í gráma

hversdagsins og bæta sig jafnvel frá því sem við vorum deginum áður. „Betri í dag en í gær“ eins og þar stendur.

Dagskrá Listahátíðar í Reykjavík á komandi vori, að því gefnu að það komi að endingu vor, var kynnt í liðinni viku. Það sem vekur helst aðdáun og áhuga undirritaðs er hugrekki Hönnu Styrmsdóttur, listræns stjórnanda hátíðarinnar, til þess að leitast við að rétta hlut kvenna í dagskránni. En mjög svo hefur hallað á hlut þeirra allt frá fyrstu hátíðinni árið 1970.

Tilfnið fyrir því að farið var að skoða þessi mál var aldarafmæli kosningaréttar kvenna á þessu ári og er nú tekið til við það verkefni að rétta hlut þeirra í dagskránni. Þannig að í tilfni af afnámi skertra mannréttinda fyrir hundrað árum er nú reynt að bæta úr fjörutíu og fimm ára órétti og mismunun á sviði lista og menningar innan Listahátíðarinnar í Reykjavík. Það er dálítið dapurlegt og ekki góður vitnisburður um framþróun okkar sem réttláts samfélags.

Það er þó ánægjulegt að Listahátíðin í Reykjavík árið 2015 hefur tekið sér heitið Fyrri hluti. Seinni hluti verður svo að ári liðnu með þeim formerkjum að halda áfram því verkefni að rétta hlut kvenna innan hátíðarinnar. Minna má það nú ekki vera og eiga Hanna Styrmsdóttir og hennar fólk hrós skilið fyrir þessa ákvörðun.

Fyrir tilstilli þessarar ákvörðunar sýnist mér að Listahátíð í Reykjavík sé í eðli sínu stærri og athyglisverðari en hún hefur oft áður verið. Hún sé nær því markmiði sínu að gefa okkur þess kost að bæta okkur eilítið sem manneskjur og ég er ekki frá því að það sé ekki vanþörf á. Dæmi hver fyrir sig.

Í ár gefst okkur tækifæri til þess að láta listakonur í meirihluta, en karla í minnihluta, hreyfa við okkur, sýna okkur inn í hugarheim sinn og deila með okkur reynslu sinni af lífinu. Í ár gefst okkur tækifæri til þess að vera konur.

Eg hlakka til.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kind er kind er kind

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra kynnti alþjóð um helgina hvernig ríkisstjórnin hyggst standa að losun hafta. Með alþjóð er átt við fulltrúa á flokksþingi Framsóknarflokksins, en það voru þeir sem nutu þess heiðurs fyrstir að heyrja hvernig skuli staðið að umræddri losun. Tilkyrning Sigmundar kom mörgum á óvart, ekki síst þar sem málið er á forræði Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra. Bjarni var ekki á meðal fulltrúa flokksþings Framsóknarflokksins, aðallega vegna þess að hann er alls ekki í Framsóknarflokki. Sigmundur kynnti nýjan skatt sem lagður yrði á þá fjár-

muni sem nú eru bundnir höftum, nefnilega stöðugleikaskatt. Fallegt nýyrði yfir það sem eitt sinn hét út-gönguskattur.

Sullur er sullur er sullur

Það er augljóst að PR-fólk hefur komið að nafngift á þessum nýja skattstofni, enda hefur stöðugleiki yfir sér jákvætt yfirbragð. Ein af hættunum við haftalosun er nefnilega sú að efnahagslífið verði sveiflött, svo ekki sé meira sagt, þannig að það hljómar vel að tala um stöðugleika. Velferðarskattur hefði líka hljómað vel, vellíðunar-skattur eða jafnvel ham-ingjuskattur.

Heitið breytir því þó ekki að út-gönguskattur er út-gönguskattur er út-gönguskattur.

Sparnaður í boði kröfuhafa

Sigmundur Davíð bar alþjóð einnig önnur tíðindi, nefnilega að erlendir kröfuhafar væru duglegir í að setja saman sálfræðigreiningar, meðal annars um þá blaðamenn sem hefðu skrifað um haftalosun. Það eru góð tíðindi fyrir blaðamenn, þar á meðal þann sem hér ritar, enda er sálfræðipjónusta fráleitt ódýr og ekki ónýtt að fá hana ókeypis. Það sparar mikil útgjöld. Þessir erlendu kröfuhafar eru þá ekki alslemir.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Að vilja eldast en ekki verða gamall

SAMFÉLAG



Helga María Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur

Það er oftast talið eftirsóknarvert að lifa lengi. Á árum áður var mikil virðing borin fyrir eldra fólki enda bjó það yfir kunnáttu sem talin var eftirsóknarverð. Leitað var til þeirra með ráðleggjngar þar sem reynslan var talin dýrmæt, þekking þeirra var vel metin og var þessari vísku miðlað yfir til næstu kynslóðar.

Í dag er talað um það sem allir vilja verða en enginn vill vera. Jú, það er að vera gamall. Það er ekki dregin upp falleg mynd af eldra fólki í samfélaginu. Sem dæmi er gamalt fólk næstum aldrei notað í auglýsingum né í sjónvarpi almennt, þar sem það telst ekki góð sölumvara.

En við eigum að fagna því að þjóðin sé að eldast, það þýðir að við séum að gera eitthvað rétt. Það þarf að bera virðingu fyrir þeim sem ná þeim áfanga að eldast sem er þrotlaus vinna gegnum allt lífið. Meðalaldur þjóðarinnar fer hækkandi og til samanburðar má benda á að miðað við 1. janúar 2015 var hann 37,5 ár en ef við förum aftur til ársins 1955 var hann 29,6 ár (Hagstofan). En hvað á að gera við allt gamla fólkið?

→ Í dag er talað um það sem allir vilja verða en enginn vill vera. Jú, það er að vera gamall. Það er ekki dregin upp falleg mynd af eldra fólki í samfélaginu.

Koma tímar, koma ráð. Eða hvað. Þessi kynslóð byggði það samfélag sem við búum í og bardist fyrir þeim réttindum sem talin eru vera sjálfsagður hlutur í dag, eins og að kjósa og að mennta sig. Þetta fólk er stolt og flestir vilja búa í heimahúsum eins lengi og þeir mögulega geta, en þegar sá tími kemur að þau þurfa aukna aðstoð heima eða þurfa jafnvel sólarhringsaðstoð á hjúkrunarheimilum þurfum við að koma með úrræði. Eldri borgarar eiga ekki að sitja fastir inni á spítala svo vikum skiptir á meðan leitað er að stað fyrir þá í samfélaginu okkar.

Eldri borgarar eiga meira skilið en við erum að bjóða upp á í dag. Allavega vona ég að sú þjónusta verði í boði sem ég þarf á að halda í framtíðinni, ef ég verð svo heppin að ná góðum aldri.

KRONAN

Veldu einhverja 10 ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar og þú borgar...

AÐEINS 40 kr.

STYKKIÐ

ef keypt eru 10 stk.

- annars 50 kr. stk.

Framsóknarátugurinn

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur



Sigmundur Davíð hefur aðra og sennilega meiri vitund um söguna en flestir íslenskir stjórnmálamenn á hans reki. Hvarflar stundum að manni að hann hafi einhvers konar sýn sem hann langi til þess að sjá verða að raunveruleika – sé með plan. Hann þekkir línur Jónasar Hallgrímssonar: „Það er svo bággt að standa í stað, og mönnum miðar / annaðhvort afturábak ellegar nokkuð á leið.“

Munurinn á honum og lista-skáldinu góða er hins vegar sá að Sigmundur vill að við stígum afturábak.

Retro Hriflon

Hann er retrómaður. Mann grunar – án þess svo sem að maður viti það – að hann líti á það sem sögulegt hlutverk sitt að ljúka því verki sem Jónas Jónsson frá Hriflu hóf en auðaðist ekki að ljúka því að hann hrökklaðist frá völdum eftir furðu skamman tíma vegna ofríkistilburða og valdofsa. Þetta sést í þeim hugmyndum sem Sigmundur hefur sett fram í skipulagsmálum og arkitektúr – og eru hans hjartans mál sem hann er sérmenntaður til – og snúast um að endurgera hús í anda Guðjóns Samúelssonar, húsameistara ríkisins sem Jónas

frá Hriflu hóf til vegs og virðingar á sínum tíma og fól að gefa Íslandi nýtt svipmót.

Til að leggja sérstaka áherslu á Hriflu-eðli ríkisstjórnar sinnar kynnti Sigmundur Davíð hana á Laugarvatni, staðnum sem Jónas frá Hriflu beinlínis skapaði til að vera aflstöð nýrra afreka Íslendinga og táknmynd um fagurt mannlíf til sveita, samfélag sem átti að byggjast upp dreifbýlt en ekki þéttbýlt. Þarna stóðu þeir Bjarni Benediktsson við steypdar byggingar í burstabæjarstíl – og varð mjög skammlífur stíll – þar sem forðum var Héraðsskóli sem skyldi mennta bændur og búalið til að takast á við nýja öld, en nú er þar ekkert.

Eitthvað lá í loftinu á þessum myndum. Þetta var eins og svið þar sem allt er búið í haginn fyrir mikinn söngleik. Endurreisn lá í loftinu. Nýtt þjóðlíf. Nýr dreifbýlisandi. Á Þingvöllum vill endurreisa Valhöll – sem líka var í burstabæjarstíl. Og hann hefur meira að segja grafið upp skólategningu eftir Guðjón Samúelsson af hugmynd um viðbyggingu við sjálft Alþingishúsið – reyndar ekki í burstabæjarstíl – en áreiðanlega í anda þess sem Jónas frá Hriflu hefði viljað sjá, og myndi þurfa að rífa það glerhýsi sem nú er þar fyrir. Þetta er ráðamaður sem dreymir um að láta til sín taka og láta hendur standa fram úr ermum!

Það er eins og Sigmundur Davíð dreymi um að skapa það Ísland sem Jónas frá Hriflu ætlaði sér að skapa en náði ekki vegna þess að aðrir menn náðu völdunum í Framsóknarflokknum of snemma.

Þjóðarósætti

Hann er retrómaður. Og í efna-hagsmálum virðist hann vilja magna upp annan og jafnvel enn ófrýnilegri uppvakning en menningarstefnu Jónasar frá Hriflu: verðbólguhrauginn.

Forsætisráðherrann hvetur verkalýðshreyfinguna óspart til dáða um að láta ekki deigan síga með kröfuna um 300.000 króna lágmarkslaun, svo að ráðsettir verkalýðsleiðtogar vita naumast sitt rjúkandi ráð – hafa ekki staðið í verkfallsátökum síðan þjóðarsáttin var innleidd heldur litið svo á að hlutverk sitt eigi frekar að vera að efla kaupmátt en að sækja krónutöluhækkunar. Þessu er Sigmundur Davíð ósammála: Hann vill ekki að hér ríki þjóðarsátt. Hann aðhyllist þjóðarósætti.

Það er ekki bara hvernig hann tjáir sig: hvernig hann er farinn að þrasa um fundarsköp við fréttamenn við einföldustu spurningar og stundar markvisst einræðustjórnsmál en aldrei samræðustjórnsmál. Og ekki bara þessar hrikalegu ýkjur: hvernig hann eys frámunalegu oflofi yfir eigin verk svo að allir verða hálfkindarlegir sem á hlýða ... Nei: þetta ristir dýpra:

Hann virðist hreinlega sjá fyrir sér að átök séu aflvaki framfara og hagvaxtar í landinu. Hann hvetur til mikilla krónutöluhækkana sem velt verður út í verðlagið og hann styður líka afnáms verðtryggingar. Hann telur að Íslendingar eigi að nota krónuna um ókomnar aldir, enda sé hin íslenska króna – með „þjóðpeningakerfi“ sínu – þjóðinni jafn dýrmæt

Pað er eins og Sigmundur Davíð dreymi um að skapa það Ísland sem Jónas frá Hriflu ætlaði sér að skapa en náði ekki vegna þess að aðrir menn náðu völdunum í Framsóknarflokknum of snemma.

og hugþekk og hinn íslenski lundur, hin íslenska kind og hinn íslenski burstabæjarstíll Guðjóns Samúelssonar. Hann stefnir að afnámi hafta með tilheyrandi gengisfellingum á krónunni sem svo aftur leiða til verðhækkana, sem leiða til kauphækkana, sem leiða til gengisfellinga sem leiða ... Sem sagt: við þessi gömlu munum þetta allt. Alveg frá því að Framsóknarmenn komust til valda hef ég haft á tilfinningunni að sá fjórðungur þjóðarinnar sem þeim veitti brautargengi hafi í aðra röndina gert það til þess að þeir gætu innleitt á ný Framsóknarátuginn, eins og við munum hann; áttunda áratug síðustu aldar sem einkenndist af þeim víxlverkunum sem hér að ofan var lýst og sem allt stefnir nú í á ný. Fólk hafi jafnvel hugsað sem svo: Við höfum nú reynt þjóðarsátt í marga áratugi og hvað fengum við út úr því? Var verðbólga endilega svo slæm þegar maður hugsar út í það? Þá gat fólk keypt sér húsnæði og látið verðbólgu eða eta upp lánin sem ekki voru verðtrygð ...

AF NETINU

Lokaútkall



Nú má segja að það líði að lokaútkalli varðandi Reykjavíkflugvöll því á morgun hefjast framkvæmdir við Hlíðarendasvæðinu. Ég er afar hrygg yfir því að að þetta þýðingarmikla mál er komið í þessa stöðu sem mun þýða m.a. að neyðarbrautin þarf að víkja. Þetta eru afskaplega rangar áherslur í íslensku þjóðfélagi sem verður að leiðrétta. Ég mun ekki láta mitt eftir liggja og taka upp þetta stóra mál á Alþingi.

blog.pressan.is/elinhirst/

Elín Hirst

Tilgangur menntunar



Hægri hönd forseta Alþýðusambandsins segir, að skólakerfið eigi að vinna með atvinnulífnum. Það er rangt eins og annað, sem verkalýðsrekendur hafa meðtekið af of náinni sambúð við atvinnurekendur. Markmið skólakerfisins á að vera að mennta. Minna máli skiptir, hvort lokapróf er tekið í þessari grein eða hinni. Lengi var brezka ríkið rekið af útskrifuðum sérfræðingum í grískum og latneskum bókmenntum. Ekki er unnt að sjá, að einhver tilgreind tæknileg menntun hefði hentað betur. Engin leið er að átta sig á, hvaða sérfræði verður mikilvægari eða lítilvægari eftir marga áratugi. Fólk lærir af reynslu sinni, það er best.

<http://www.jonas.is/>

Jónas Kristjánsson

Leikskólinn við Austurvöll

Á þing eru kosnir 63 menn, sem svo skiptast í meirihluta og minnihluta. Saman skulu þeir stjórna landinu með hag íbúanna að leiðarljósi. Sé sýnt frá Alþingi í sjónvarpi sést oft hálfómur salurinn. Maður veltir fyrir sér, hvort ekki sé fullt starf að vera þingmaður og hvað kosti að reka batterið við Austurvöll, sem einn fyrrverandi forsætisráðherra kallaði nýlega leikskóla. Fyrir utan þingfulltrúana 63 eru aðstoðarmenn, nefndarmenn, ráðgjafar og allir hinir fyrrverandi á háu eftirlaunum. Við það bætist húsnæðis- og dagpeningar. Með fríum er varlega áætlað að Alþingi kosti í það minnsta 10-15 milljón kr. á dag!

STJÓRN MÁL



Sigurður Oddsson verkfræðingur

→ Verst er að fylgjast með þingmönnum leggja sig fram með einbeittum vilja að tefja störf þingsins og bregðast þar með því trausti sem þeim var sýnt í kosningum.

markaðan tíma. Þess vegna út kjörtímabilið segi ríkisstjórnin ekki af sér fyrr.

Porkell Helgason skrifaði nýlega í Fréttablaðið ágæta grein, „Það þarf stjórnlagabætur til að sporna gegn gerræði“. Ég held að allflestir geti verið sammála því sem þar kemur fram. Í greininni kemst Porkell svo að orði: „Meirihluti sem ekki byggir við aðhald gæti leiðst til að kúga minni hlutann“. Mér virðist við búa við það að minnihlutinn hafi leiðst til að kúga meirihlutann og á ég þá ekki bara við þetta síðasta. Kjörnir þingmenn verða að fá vinnufrið, því nóg eru verkefni, sem bíða lausnar. Það verður að sporna við þessum sandkassaleik, sem hefur varpað rýrð á virðingu Alþingis. Svo mikið að fyrrverandi ráðherra hefur líkt Alþingi við leikskóla.

Pað þarf stjórnlagabætur

Verst er að fylgjast með þingmönnum leggja sig fram með einbeittum vilja að tefja störf þingsins og bregðast þar með því trausti sem þeim var sýnt í kosningum. Tilgangurinn er að hindra að mál séu afgreidd á lýðræðislegan hátt með atkvæðagreiðslu. Svo virðist, sem hægt sé að halda þessum ljóta leik áfram í ótak-

Ergo veitir umhverfisstyrk



Lumar þú á hugmynd?


Í Grænum apríl mun Ergo úthluta Umhverfisstyrk Ergo að fjárhæð 500.000 kr. Styrkurinn er veittur til frumkvöðlaverkefna á sviði umferðar- og umhverfismála. Þannig leggur Ergo sitt af mörkum við þróun framtíðarlausna á sviði samgangna og sjálfbærrar nýtingar og verndunar náttúruauðlinda.

Sendu inn þína hugmynd

Einstaklingar og fyrirtæki geta sótt um styrkinn á ergo.is. Viðskiptaáætlun þarf að fylgja umsókninni ásamt skýringu á því til hvers nýta skal styrkinn. Frestur til að senda inn umsókn er til 15. maí 2015, en styrknum verður úthlutað 20. maí nk. Öllum umsóknum verður svarað.

Kynntu þér málið nánar á ergo.is

sími 440 4400 > www.ergo.is



Til hvers að flækja hlutina?

365

SJÁLFKRAFA Í BESTA ÞREP!

365.is | Sími 1817



ergo

MERKISATBURÐIR

- 1203** Guðmundur Arason (hinn góði) er vígður Hólabiskup, 43 ára.
- 1412** Yfir tuttugu ensk skip farast við Ísland í miklu illviðri.
- 1565** Stóridómur er leiddur í lög.
- 1844** Jón Sigurðsson er kosinn á þing með 50 atkvæðum af 52.
- 1956** Um 200 þúsund danskir mótmælendur safnast saman fyrir framan Kristjánsborg og mótmæla lögum um vinnustundir.
- 1997** Tiger Woods verður yngsti kylfingur sögunnar sem sigrar Masters-golfmótið, 22 ára.



PETTA GERÐIST: 13. APRÍL 1972

Kjarval safnast til feðra sinna

Jóhannes Sveinsson Kjarval listmálari andaðist þennan dag árið 1972, áttatíu og sex ára að aldri. Hann var afkastamikill og virtur málari og á meðal frumherja íslenskrar myndlistar.

Kjarval fæddist að Efri-Ey í Meðallandi og dvaldi fyrstu fjögur árin hjá foreldrum sínum en ólst eftir það upp í Geitavík á Borgarfirði eystra hjá hálfbróður móður sinnar og konu hans.

Kjarval stundaði sjómennsku á yngri árum en fyrstu myndlistarsýningu sína hélt hann í Góðtemplarahúsinu í Reykjavík árið 1908, þá tuttugu og tveggja ára. Hafði hann þá enga tilsoðn fengið. Kjarval afþakkaði stórkross hinnar íslensku fálkaorðu sem átti að veita honum árið 1965. Sættir náðust þó með því að orðan var varðveitt í Listasafni Íslands en Kjarval vildi aldrei fá hana í hendur.



Hálfgerður vesalingur

Torfi Jóhann Ólafsson er fimmtugur í dag. Hann hefur keppt fyrir Íslands hönd í kraftlyftingum um víða veröld, fyrst í unglingsflokkum og síðast í öldungaflokkum.

Er þetta kraftlyftingamaðurinn? spyr ég hikandi þegar karlmannsródd svarar halló á hinum enda línunnar. „Nei, þetta er listamaðurinn. Kraftlistamaðurinn,“ er svarið. Hér er ég komin í samband við Torfa Jóhann Ólafsson sem titlar sig listamann í símaskránni og gerði garðinn frægan sem kraftlyftingamaður um tíma. Hann kveðst ánægður með að vera fimmtugur. „Það er svo gott að ná þessum áfanga, ég átti ekkert sérstaklega von á því. Þegar ég var tvítugur fannst mér þeir sem voru fimmtugir vera komnir á grafabakkann.“

Hann kveðst hafa keppt síðast árið 2011. „Það var á móti sem heitir Sterkasti öldungur í heimi og var haldið í Belfast á Norður-Írlandi,“ upplýsir hann. „Svo lenti ég í vinnuslysi og hef verið dálítið frá síðan. Það vonandi lagast.“

Kraftarnir eru í genunum í ættum Torfa og hann kveðst ungur hafa farið að nota sína. „Ég er af bændum kominn og var sendur í sveit sem krakki. Svo var pabbi vegaverkstjóri á Barðaströnd og ég vann hjá honum tíu sumur, þannig að ég byrjaði snemma að vinna.“ Hversu stór? „Ég er 1,98. En þegar ég var 18 ára náði ég mér í passa á lögreglustöðina í Reykjavík og var mældur 2,02. Ég hef þyngstur verið 196 kíló en er 160 í dag, maður er að verða hálfgerður vesalingur!“

Hann kveðst hafa starfað hjá Akureyrarbæ í 19 ár og vera að vinna á sambylí fyrir geðfatlaða sem heitir Þratarlundur. „Áður var ég járnsmiður. Ég er góður í engu en ágætur í mörgu,“ segir hann hlæjandi.

Lífið snerist mikið um kraftlyftingarnar á tímabili hjá Torfa og hann kveðst hafa verið svo heppinn að fá að ferðast um heiminn í sambandi við þær. „Ég er eiginlega búinn að fara í allar heimsálfur nema Suðurskautlandið og oft á staði sem fólk var ekki mikið að ferðast til á þeim tíma. Fór til dæmis í eftirminnilega keppnisferð til Suður-Indlands árið 1986, svo fór ég til Taílands, Kína, Ástralíu og Nýja-Sjálands.“

Torfi er fjölskyldumaður og meira að segja kominn á það stig að vera tvöfaldur afi. „Það er alveg stórkostlegt,“ segir hann. „Maður er svo ungur og vitlaus þegar maður eignast börnin en það er voða gaman að vera afi. Ég fékk einn afstrák fyrir tíu dögum. Lá á bæn um að hann kæmi á afmælinu en honum lá svolítið á!“

Hvað á svo að gera á afmælinu? Heyrðu, konan er búin að skipuleggja einhverja óvissuferð. Ég býð bara spennur!“

gun@frettabladid.is



AFMÆLISBARNIÐ „Maður er svo ungur og vitlaus þegar maður eignast börnin en það er voða gaman að vera afi,“ segir Torfi, ánægður með lífið. MYND/AUÐUNN NIELSSON

→ Úr gamalli skýrslu um kraftlyftingar

1985: Unglingalandsliðið fór fullskípað á HM unglinga í Þýskalandi. Magnús Ver Magnússon fékk bronsverðlaun í 110kg fl. með 657,5kg, Hjalti Árnason fékk silfur í 125kg flokki með 735kg og Torfi Ólafsson varð heimsmeistari í +125kg flokki með 807,5kg. Ísland varð í þriðja sæti í stigakeppni þjóða.

1986: Í febrúar fór landslið Íslands til Kaliforníu til að etja kappi við landslið ríkisins. Torfi Ólafsson og Hjalti Árnason sigruðu í sínum flokkum. Torfi lyfti 912,5kg í samanlögðu.

Á heimsmeistaramót unglinga fór Torfi Ólafsson. Hann keppti í +125kg flokki og varð meistari með 790 kg.

6. desember var sjónvarpsmót. Tveir Íslendingar lyftu yfir 900kg í samanlögðu, þeir Torfi Ólafsson 910kg og Hjalti Árnason 900kg. Að Jóni Páli meðtöldum eru þá þrír Íslendingar komnir í 900kg flokkinn.

1988: Þrjú keppendur fóru á HM og EM unglinga. Torfi varð í öðru sæti í +125kg flokki og setti heimsmet unglinga í réttstöðulyftu, 337,5kg.

†
Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
KOLBRÚN A. KARLSDÓTTIR
Dúfnahólum 4,
Reykjavík,
lést laugardaginn 4. apríl á Landspítalanum við Hringbraut á deild 11E. Útförin fer fram 17. apríl kl. 15.00 frá Fella- og Hólabakirkju.
Þórður Kristján Pálsson
Páll Þórðarson
Kristín Þórðardóttir
Edda Þórðardóttir og barnabörn.
Hrannar Jónsson
Kristján Snæbjörnsson



†
Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON
skipstjóri,
frá Borgarholti, Grindavík,
lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut fimmtudaginn 9. apríl. Útförin fer fram frá Grindavíkirkirkju föstudaginn 17. apríl kl. 14.00.
Þorgerður G. Guðmundsdóttir
Elva Björk Guðmundsdóttir
Birta Rós, Elvar Geir, Nína María, Emília Rut og Aníta Björt.
Sigurður Jónsson
Ragnar Leó Schmidt



†
Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,
SIGURBORG JAKOBSDÓTTIR
lengst af til heimilis að Álfröð 7 í Kópavogi,
lést miðvikudaginn 1. apríl sl. að Hrafnistu í Hafnarfirði. Útförin fer fram miðvikudaginn 15. apríl kl. 13.00 frá Kópavogskirkju.
Arnar Halldórsson
Valdís Arnarsdóttir
Halldór Arnarsson
Sigurborg Arnarsdóttir og langömmubörn.
Margrét Valtýsdóttir
Guðmundur Hrafnkelsson
Borghildur Sigurðardóttir
Helgi Ólafsson



†
Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
SIGURÐUR JÓHANN ÞORBJÖRNSSON
Háagerði 45,
Reykjavík,
lést á Hjúkrunarheimilinu Eir á páskadag 5. apríl. Útförin fer fram þriðjudaginn 14. apríl kl. 13.00 frá Bústaðakirkju.
Svanbjörg Sigurjónsdóttir
Kristrún Haraldsdóttir
Sigurjón Sigurðsson
Oddný Sigurðardóttir
Hallgrímur Þór Sigurðsson
Svala Sigurðardóttir
Ásdís Sigurðardóttir
Sigrún Sigurðardóttir
Sigurður Baldvin Sigurðsson barnabörn og barnabarnabörn.
Sigurlaug Jósepsdóttir
Stefán Friðþórsson
Óttar Bjarki Sveinsson



ÚTFARARSTOEVA KIRKJUGARÐANNA

Útfarar- og lögfræðipjónusta

Önnumst alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is

Elín Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri
Þorsteinn Elísson útfararpjónusta
Snævar Jón Andrésson útfararpjónusta
Hugrún Jónsdóttir útfararpjónusta
Rósa Kristjánsdóttir útfararpjónusta
Guðmundur Baldvinsson útfararpjónusta
Jón G. Bjarnason útfararpjónusta
Ellert Ingason útfararpjónusta
Katría Þorsteinsdóttir lögfræðipjónusta
Gestur Hreinsson útfararpjónusta



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



APALÆTI

Spænski hönnuðurinn Jaime Hayón hefur hannað skemmtilegt borð í líki teiknimyndaapa fyrir BD Barcelona Design. Borðið er úr steypu og því hægt að nota það bæði inni og úti.

TUDOR RAFGEYMAR

Nýir og endurbættir



TUDOR High Tech rafgeymar.

95 Ah, 800 Amper.
Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost).
Nýjar blýgrindur (3DX) = lengri ending.
Alveg lokaðir og viðhaldsfriir.
Mikið kaldræsipól, örugg ræsing í miklum kulda.
Góðir fyrir jeppa með miklum aukarafbúnaði.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta.



TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

VEIK FYRIR STJÖKUM

FAGURKERI Hildur Birna Birgisdóttir hefur alltaf haft mikla þörf fyrir að hafa fallegt í kringum sig. Hún keypti nýverið sína fyrstu íbúð og naut sín til fulls við að skipuleggja og raða. Hana dreymir meðal annars um Acapulco-stólinn.

Viðskiptafræðinemin Hildur Birna Birgisdóttir, sem rekur netverslunina Intería ásamt móður sinni, keypti sína fyrstu íbúð ásamt unnusta sínum síðastliðið haust. Hún hefur alltaf haft mikla þörf fyrir að hafa fallegt í kringum sig en við kaupin jókst áhugi hennar á fallegri hönnun fyrir heimilið enn frekar. „Frá því ég var unglingur hefur mér fundist gaman að kaupa nýja hluti eða raða



HILDUR BIRNA BIRGISDÓTTIR

munum upp á nýtt til að skapa nýja stemningu. Þegar við fluttum í íbúðina okkar þá naut ég mín vel við að skipuleggja og raða. Mér finnst gaman að blanda saman

dýrari munum við ódýrari merki en það skiptir mig miklu máli að heimilið sé persónulegt og hlýlegt.

En hver er uppáhaldshluturinn þinn á heimilinu? „Ég er ótrúlega ánægð með sófann okkar. Hann er úr Húsgagnahöllinni og er stór hornsófi með tungu. Hann er mjög rúmgóður og þægilegur enda eyðum við mestum okkar tíma þar.“

Eru einhver sérstök hönnunarmerki meira í uppáhaldi en önnur? „Ég er mjög hrifin af littala eins og margir Íslendingar. Mér finnst skipta miklu máli að hönnun sem er í dýrari kantinum sé tímalaus og eiguleg. Svo eru merkin sem við seljum í Intería einnig í miklu uppáhaldi.“

Hvers konar hlut myndir þú helst kaupa inn á heimilið ef peningar væru ekki fyrirstaða? „Það eru til svo ótrúlega margir fallegir hlutir sem ég myndi vilja kaupa. Einn þeirra sem mig



SÓFINN Í UPPÁHALDI Hildur keypti hornsófann í Húsgagnahöllinni og segir hann bæði rúmgóðan og þægilegan.

MYND/ERNIR

dreymir um er Acapulco-stóllinn frá OK Design sem mér finnst svolítið öðruvísi á skemmtilegan hátt.“

Ertu búin að ákveða hvað verður næst keypt inn á heimilið? „Mig langar mikið í rúmgöfl. Ég er búin að finna þann rétta en er bara að safna fyrir honum í augnablikinu.“

Er einhver hluti heimilisins sem þú stefnir á að breyta á næstunni? „Ég er með endalaugar hugmyndir um hvernig ég vil breyta og bæta heimilið. Næsta stóra verkefni er þó að innrétta barnaherbergið. Þegar dóttir okkar flytur þangað inn verður líka gaman að gera svefnherbergið okkar aðeins meira kósý.“



Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra.

Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-
www.jarngler.is

SÓFADAGAR

NÝ SENDING AF SVEFNSÓFUM



INNOVATION™

Svefnsofi Cube 140 Deluxe

Stærð svefnflatar 140x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð kr. 199.000.-

Nú aðeins kr. 129.935

Einnig fáanlegur í 90 cm og 200 cm breidd

Þægilegur svefnsofi m/tungu

Stór rúmfatageymsla
Auðveldur í notkun
Stillanlegir höfuðpúðar
Þykkt gæðaleður

Stærð: Breidd: 244 cm
Dýpt: 165 cm / Hæð: 94 cm

Kynningarverð aðeins kr.

299.900



10-35%
afsláttur af
nokkrum eldri
gerðum

12 mán.
vaxtalausar
greiðslur*

*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

GERÐU GÆÐA - OG VERÐSAMANBURÐ

Umboðsaðilar: Húsgagnafl - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429

NÝTT – NÝTT
8 rétta
hlaðborð í
hádeginu

TILBOÐ
KR. 1.590.-

OPIÐ KL. 11:00-14:00
Hlaðborðið er alla virka daga,
ekki um helgar.



Kinakofid
NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022

HITA
KÚTAR
Amerísk gæða
framleiðsla


30-450
litrar

Umboðs-
menn um
land allt

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

 **Barnaheill**
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétta
læknisástoð
og heilbrigðisþjónustu

 **Barnaheill**
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða studlar að
líkamlegu heilbrigði sem börn
eiga rétta



GÓÐAR MÓTTÖKUR
Algengustu slysin á börnum í heimahúsum eru minniháttar. Vel er tekið á móti börnum á bráða- og göngudeild Landspítalans.
MYND/GETTY

BÖRN ERU SÍFELLT AÐ MEIÐA SIG

SLYS Á HEIMILUM Flest slys á börnum heima fyrir eru minniháttar sem betur fer. Alvarlegri slys geta þó gerst og þá skiptir mestu að huga að forvarnum.

Algengustu slysin á börnum í heimahúsum eða nágrenni þeirra eru minniháttar slys sem eiga sér yfirleitt stað í leik eða við ýmiss konar klifur. Þó geta alvarlegri slys átt sér stað þegar börn detta úr talsverðri hæð, fá brunasár eða innbyrða hættulega hreinsivökva að sögn Ólafs Ragnars Ingimarssonar, yfirlæknis á bráða- og göngudeild (G3) á Landspítala í Fossvoggi. „Yfirleitt eru þetta minniháttar slys sem eiga sér stað í leik, frekar en það sem við köllum háorkuáverka. Börn eru sífellt að detta og meiða sig, fá sár í andlitið eða höfuð. Af og til eiga sér þó stað alvarlegri áverkar, til dæmis þegar börn falla úr koju, sem er oft töluvert fall.“

HJÓLASLYSUM FJÖLGAR

Helstu breytingar undanfarin 10-20 ár þegar kemur að slysum þessa hóps snúa að sögn Ólafs að ýmsum hjólaslysum samhliða sífellt útbreiddari hjólamenningu Íslendinga. „Landmenn eru farnir að hjóla sífellt meir og á það við fólk á öllum aldri. Þannig höfum við séð aukningu í hjólaslysum undanfarin ár hjá bæði börnum og unglingum en ekki síður fullorðnu fólki. Hjólin í dag gera fólki kleift að hjóla mjög hratt og blindir blettir eru víða á hjólastígum auk hættulegra beygja ef hratt er farið. Að sama skapi sjáum við aukningu á slysum milli hjólréiðafólks og bíla.“

FÓLK ER MEÐVITAÐ UM FORVARNIR

Það er ýmislegt hægt að gera til að fyrirbyggja slys heima fyrir að sögn Ólafs og segir hann almennung sífellt betur meðvitaðan um forvarnir heima fyrir. „Öryggishöldur fyrir skáphurðir eru mjög algengar og sama má segja um hlífur a beitta hornfleti, til dæmis á

borðum. Fólk er líka mjög meðvitað um varðveislu hættulegra eiturog hreinsiefna og nær allir geyma þau á öruggum stað enda hafa börn ekki alltaf vit til að forðast þau. Sama má segja um lyf sem þarf að sjálfsögðu að geyma þar sem börn ná ekki til.“

ÁRSTÍÐABUNDIN SLYS

Auk þess hafa Landlæknisembættið og slysavarnarfélag verið dugleg við að upplýsa fólk. „Svo má ekki gleyma Herdís Storgaard sem hefur verið býsna dugleg að breiða út boðskapinn undanfarin ár. Það þarf að vera skipstjóri á skútunni, plön þurfa að liggja fyrir og koma þarf ýmsum leiðbeiningum á framfæri. Hún hefur verið dugleg við það.“

Spurður hvort slys á börnum séu algengari hér á landi en á Norðurlöndum eða í nágrannalöndum okkar svarar Ólafur því neitandi. „Sé hins vegar hægt að benda á einhvern mun eru það slys sem tengjast veðráttunni hér á landi. Ef það er sól og blíða yfir sumarið sjáum við meira af krökkum sem detta í leik, á vegasalti, úr köðlum og lenda í skyldum slysum. Þegar það er hins vegar kaldur og dimmur vetur er meira um slys innandyra. Veðráttan hefur því tvímælaust áhrif á tegundir slysa hér á landi.“

BÖRN Í FORGANGI

Bráða- og göngudeildin sem Ólafur starfar hjá forgangsraðar komu sjúklinga þannig að yngstu einstaklingarnir komist fljótt að. „Hingað koma stundum yngri börn seinni part dags eða um kvöld eftir langan skóladag. Þá reynum við alltaf að sinna þeim vel og kippa þeim fljótlega inn. Sé um brot eða verri slys að ræða er þeim að sjálfsögðu strax kippt inn.“ ■ **starri@365.is**



FORVARNIR
Ýmislegt er hægt að gera til að fyrirbyggja slys heima fyrir að sögn Ólafs R. Ingimarssonar, yfirlæknis á bráða- og göngudeild Landspítalans.
MYND/GVA

► Hver er uppáhaldsstaðurinn í íbúðinni?

„Hann inniheldur nýjstu hlutina en það er hátt glerborð úr Ikea þar sem ég geymi tímarit, bækur og fallega muni. Fyrir ofan borðið er stór klukka úr Ilvu en við höfðum leitað lengi að réttu klukkunni sem myndi njóta sín á veggnum.“

Hvað gerir þú helst til að búa til kósý kvöldstund? „Mér finnst mjög kósý og afslappandi að slökkva ljósin og kveikja á kertum og horfa á góða mynd undir hlýju teppi. Ég er svolítið veik fyrir kertastjökum og þarf að passa mig á að kaupa ekki of mikið af þeim þar sem ég hef

ekki endalaust pláss fyrir þá.“

Hildur Birna opnaði fyrrnefnda netverslun í lok síðasta árs. Þar er boðið upp á nútímalega hönnun undir skandinavískum áhrifum og áherslan lögð á húsbúnað fyrir stofuna, eldhúsið og barnaherbergið. „Markmiðið er að vera með vörumerki sem hafa ekki áður verið í boði á Íslandi og fylgjumst við vel með hönnunartímaritum og bloggum til að finna ný og spennandi merki.“

UPPÁHALDISHORNIÐ Á glerborðinu geymir Hildur tímarit, bækur og fallega muni. Hún hafði leitað lengi að réttu klukkunni og fann hana í Ilvu.





**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Eliás Haraldsson
Lögg. fasteignasali
elias@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Söluþáttur
gjsli@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Halveig Guðadóttir
Skrifstofustjóri
halveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

BYGGINGARLÓÐIR Í GRÓNU HVERFI Í KÓPAVOGI.

HÖFUM TIL SÖLU FJÓRAR BYGGINGARLÓÐIR
UNDIR PARHÚS OG EINA UNDIR EINBÝLISHÚS Í KÓPAVOGI.

LÓÐIRNAR ERU BYGGINGARHÆFAR NÚ ÞEGAR.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITTAÐ Á SKRIFSTOFU.

Stórglæsilegt einbýlishús við „Lækinn“ á Flötunum í Garðabæ.



Algjörlega endurbýtt um 300 fm. einbýlishús, teiknað af Sigvalda Thordarson að utan og innan. Húsið er fallega staðsett á kyrrlátum stað við opið svæði og „Lækinn“ á Flötunum í Garðabæ og í göngufæri við skóla, íþróttasvæði og verslanir. Eignin var öll endurbýtt að innan sem utan árin 2007 og 2008 og var leitast við að halda henni í upprunalegum stíl undir handleiðslu Studio Granda. Lóðin er um 1.000 fermetrar og var hún öll endurnýjuð á sama tíma og húsið á mjög vand- aðan og smekklegan hátt.

Naustavör 2 og 4 – Kópavogi. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfi í Kópavogi.



Um er að ræða 3ja hæða hús við Naustavör. Íbúðirnar eru 3ja og 4ra herbergja frá 109,9 fm. upp í 140,7 fm. og verða með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Staði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Sjávarútsýni er úr flestum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.

Laugavegur - 3ja herbergja íbúð.



Glæsileg 3ja herbergja 124,6 fm. íbúð á 3. hæð í glæsilegu og vönduðu íbúðar- og verslunarhúsi við Laugaveg.

Íbúðin snýr í suður með suðursvölum og er með vönduðum eikarinnréttingum. Stofa með gólfisöllum gluggum. Auðvelt að breyta íbúðinni í 4ra herbergja íbúð. Bílastæði fylgir á aðgangsstýrðu bílplani fyrir aftan húsið.

Verð 55,0 millj.

Egilsgata. 2ja herbergja.



Mikið endurnýjuð 52,4 fm. 2ja herbergja íbúð í kjallara í góðu steinhúsi við Egilsgötu með sameiginlegri baklóð.

Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum, m.a. gólfefni, innrétting og tæki í eldhúsi, baðherbergi og gler og gluggar.

Verð tilboð.

Vatnsstígur – Glæsileg 2ja herbergja íbúð.



Mjög falleg og afar vel skipulögð 2ja herbergja 95,2 fm. íbúð á 2. hæð í mjög vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu auk yfirbyggðra svala og sér bílastæðis í lokaðri og uppþitaðri bílageymslu á góðum stað fremst við sjóinn í Skuggahverfinu.

Íbúðin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta. Innréttingar eru úr hvíttaðri eik og ljóst eikarparket er á gólfum, utan baðherbergis sem er flíslagt í gólf og vegg.

Verð 49,9 millj.

Efstaleiti „Breiðablik“ – 4ra herbergja útsýnisíbúð



154,3 fm. glæsileg íbúð á 3. hæð (efstu) í glæsilegu fjöleignarhúsi „Breiðablik“ miðsvæðis í Reykjavík.

Samliggjandi stórar stofur með útgengi á svalir til suðurs, sjónvarpsherbergi innaf stofum, rúmgott hjónaherbergi og skrifstofuherbergi. Sérmerkt bílastæði í bílageymslu og hlutdeild í mikilli sameign. Á hverri hæð hússins eru setustofur, lagðar náttúrugrjóti, bjartar og rúmgóðar. Húsvörður er búsettur í húsinu. Lóðin er glæsileg með sundlaug, heitum pottum o.fl.

Verð 55,0 millj.

Sóltún – Íbúð á efstu hæð.



Mjög góð 141,9 fm. 4ra - 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum, 8. hæð og ris, að meðtöldri 8,5 fm. sér geymslu í kjallara.

Íbúðinni fylgir sér staði í bílageymslu. Samliggjandi setu- og borðstofa. Svalir til austurs. Eldhús er hálfopið í stofu með vönduðum innréttingum. Þrjú herbergi. Innbyggð ljós eru í loftum neðri hæðar. Prefalt gler er í öllum gluggum, sem eru álguggar. Húsið er klætt að utan með lituðu áli.

Verð 54,9 millj.



NÚPABAKKI

Núpabakki

Afar glæsilegt og vel skipulagt 211,2 fm. raðhús á pöllum með innbyggðum 22,0 fm. bílskúr. Stórar svalir eru til suðvesturs og afgirt og skjólsæl víðarverönd. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á sl. árum, m.a. bæði baðherbergin, eldhúsinnrétting og tæki, gólfefni að hluta, allar innihurðir og allt gler. Alrými sem í eru rúmgóðar og bjartar stofur með mikilli lofthæð og eldhús. Sjón- varpstofa og fjögur herbergi. Hellulögð innkeyrsla og skjólsæl nýleg víðarverönd bakatil **Verð 52,9 millj.**



BREIÐAGERÐI

Breiðagerði - Reykjavík

Vandað 283,8 fm. einbýlishús á þremur hæðum á falllegum og grónum stað. Sér 55,0 fm. aukaíbúð með sér inngangi er á jarðhæð hússins. Byggt var ofan á og við húsið fyrir ca. 20 árum síðan og á þeim tíma var húsið nánast endurbýtt. M.a. var húsið innréttað uppá nýtt með byggingarefnum úr ljósum víði og allar innréttingar sérsmiðaðar frá Brúnási, neysluvatnslagnir voru fódraðar og skipt var um rafmagnstöflu og rafagnir. Þrjú samliggjandi stofur. Fimm herbergi. Skjólögð verönd til suðurs. **Verð 71,5 millj.**

SÉRBÝLI



GOÐATÚN – GARÐABÆ.

Virkilega fallegt og vel skipulagt 203,1 fm. einbýlishús vel staðsett innst í götu auk baðhúss á baklóð og stórar útigeymslu. Milklar og skjólgóðar verandir eru á framlóð hússins og baklóð hússins er öll afgirt með víðar- og hellulagðri verönd með heitum potti. Húsið hefur verið mjög mikið endurnýjað á undanförmum árum, m.a. eldhúsinnrétting, baðherbergi o.fl.

59,9 millj.

SÉRBÝLI



ÁLFHÓLSVEGUR – KÓPAVOGI.

- EINBÝLISHÚS Á 1.120 FM. LÓÐ

160,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á fallegum útsýnisstað í Kópavogi auk geymsluriss yfir öllu húsinu. Húsið er í nokkuð góðu ásigkomulagi hið ytra, nýlega sprunguviðgert, múrað og málað.

49,0 millj.

SÉRHÆDIR



LAUGARÁSVEGUR. 4RA – 5 HERB. ÚTSÝNISÍBÚÐ.

154,2 fm. 4ra - 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum með séringangi auk sameignar í kjallara á frábærum stað við Laugarásveg. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinsyni. Íbúðin er björt með stórum gluggum. **Einstaklega glæsilegt útsýni er yfir Laugardal og borgina, sjóndeildarhringurinn óskertur frá Bláfjöllum yfir til Akraness og Snæfellsjökuls.**

51,9 millj.



KÁRSNESBRAUT - KÓPAVOGI. ENDARAÐHÚS.

Glæsilegt og þó nokkuð endurnýjað endaraðhús á tveimur hæðum 169,5 fm. að stærð að meðtöldum 22,8 fm. bílskúr. Eldhús var endurnýjað fyrir tveimur árum og sett upp falleg hvít háglans innrétting. Rúmgóð stofa með útgangi á stóra suður verönd. Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu, skóla og leikskóla. Hús sem hefur fengið mjög gott viðhald í gegnum tíðina.

49,9 millj.



VESTURBRÚN. FRÁBÆR STAÐSETNING.

Stórglæsilegt 273,2 fm. (skráð 259,2 fm) einstakt einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað við opna svæðið í Vesturbrún. Húsið er teiknað af Halldóri Gíslasyni að innan sem utan og er einstakt að allri gerð, frábærlega skipulagt og með miklum og vönduðum sérsmiðuðum innréttingum. Setustofa með arni og útbýggðum glugga til suðurs. Kóniaksstofa með mikilli lofthæð.



ÆGISÍÐA.

Glæsileg eign. Efri hæð og ris.Glæsileg 216,2 fm. efri sérhæð og ris í mjög fallegu, virðulegu og nýviðgerðu steinhúsi á frábærum stað við opna svæðið á Ægisíðu með glæsilegu sjávarútsýni og fernum svólum. Glæsilegar samliggjandi stofur með bóka-herbergi innaf, stórt eldhús, 5 svefnh., tvö nýleg baðh., gestasalerni o.fl. Fallegir gíflistar og rósettur í loftum í stofum og í bókaherbergi.



BLIKANES – GARÐABÆ

Glæsilegt og vel staðsett um 265 fm. einbýlishús á tveimur þöllum á sunnanverðu Arnarnesi. Húsið var allt innréttað uppá nýtt árið 2006 m.a. voru bæði baðherbergi endurnýjuð, lagður gólfhiti í allt húsið og skipt um raflagnir og neysluvatnslagnir. Rúmgóðar og bjartar samliggjandi stofur, vandað eldhús með hvítum sprautulökkuðum innréttingum. Lóð er nýlega mikið endurnýjuð.

95,0 millj.



MÍÐHOLT - HAF. FRÁBÆR ÚTSÝNISSTAÐUR.

Glæsilegt 7 herbergja 208,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað neðan við götu í Miðholti í Hafnarfirði. Samliggjandi stofur með káminu og mikilli lofthæð að hluta. Fjögur herbergi og sjónvarpsstofa. Gólfefni eru gegnheilt oliuborið parket og granítflisar. Eignin stendur á 952,9 fm. lóð, sem er að mestu leyti villt og þarfnast ekki vinnu við. **Eignin er laus til afhendingar**

4RA – 6 HERBERGJA



GVENDARGEISLI. 4RA HERBERGJA ENDAÍBÚÐ.

127,5 fm. endaíbúð með gluggum á þrjá vegu á 3. og efstu hæð með séringangi á frábærum stað í Grafarholti. Þrjú góð herbergi. Oprið eldhús með rúmgóðum borðkrók. Stórar suðursvalir með fallegu útsýni. Sérstæði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Stutt í skóla og leikskóla. Góð aðkoma að húsi með hellulögðum stéttum.

37,9 millj.



EYVINDARHOLT - EINSTÖK STAÐSETNING

Glæsilegt og algjörlega endurbyggt frá grunnni 240,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum sem er búíð að skipta í þrjá íbúðir. Húsið stendur á 2.532 fm. eignarlóð og er einstakt útsýni af báðum hæðunum. Eldra hús sem stóð á lóðinni var rífið árið 2002 og byggt nýtt hús á grunninum og síðan byggt 84 fermetra vinnustofa við húsið árið 2004 sem er nýtt sem íbúð í dag.

67,0 millj.



STARHÓLMI - KÓPAVOGI.

Mjög gott 196,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr vel staðsett innst í botngötu. Mögulegt væri að gera aukaíbúð á neðri hæð hússins. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á sl. árum m.a. hefur verið skipt um eldhúsinnréttingu og tæki, nánast öll gólfefni, baðh. á efri hæð verið endurnýjað og ofna- og raflagnir. Stórar og bjartar stofur. Útsýni yfir Fossvogsdalinn.

53,9 millj.



MÁNATÚN. 5-6 HERBERGJA Á EFSTU HÆÐ.

Glæsileg 204,0 fm. endaíbúð til suðurs á 6. hæð (efstu) auk tveggja sér bílastæða í bilahúsi. Rúmgóðar valir til vesturs. Íbúðin er innréttuð á mjög vandaðan og smekklegan máta með sérsmiðuðum innréttingum. Aukin hljóðeinangrun er á milli hæða. Lofthæð er um 2,8 metrar. Hljónasvita sem samanstendur af herbergi, fataherb. og baðherb.. Rúmgóðar og bjartar stofur. **Húsvörður. 84,9 millj.**



KLEIFARSEL 63

Kleifarssel 63

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45

Mjög fallegt og vel skipulagt 212,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað neðst í botnlanga. Stofa/borstofa með fallegum arni. Eldhús með miklum eikarinnréttingum. 4 góð herbergi, öll með skápum. Lóðin er mjög snyrtileg með góðum sólpalli. Stórt bílapan fyrir framan bílskúr. **Frábær staðsetning við opið svæði og Seljaskóla. Verð 54,8 millj. Verið velkomin.**



AFLAGRANDI 30

Aflagrandi 30

Eignin verður til sýnis á morgun frá kl. 17.15 – 17.45

Vel skipulagt og vandað 190,6 fm. raðhús á tveimur hæðum auk riss á þessum eftirsóttu stað í vesturbænum. Eignin er í góðu ástandi að innan og utan. Rúmgóð stofa og borðstofa með útgengi á verönd til suðurs, sjónvarpshol og fjögur herbergi. Innangengt í bílskúr. Glæsileg frágengin lóð með víðaveröndum og fallegri lýsingu. **Verð 71,9 millj. Verið velkomin.**



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali | Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali | Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali | Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali | Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali | Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumíðlari, lögg. fasteignasali | Brynjar Þ. Sumarliðason, Sólumaður | Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali | Guðlaugur I. Guðlaugsson, sölumaður | Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali | Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri | Elin Þorleifsdóttir, ritari | Ásdís H. Júlíusdóttir, ritari | Anna M. Sigurðardóttir, ritari

GRENSÁSVEGUR 56 108 RVK. ÍBÚÐ MERKT 02-04.



OPÍÐ HÚS
mánudag

Mikið endurnýjuð 2ja herbergja 63,4 fm íbúð á 2.hæð í fallegu frábærlega vel staðsettu fjölbýli. Endurnýjað eldhús, baðherbergi, gólfefni og fl. Fallegt útsýni. Góð sameign. **Eignin verður sýnd mánudaginn 13.apríl milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 22,9 m. 8693**

ÞÓRSGATA 15 101 RVK. ÍBÚÐ MERKT 01-01.



OPÍÐ HÚS
mánudag

„Ljóð Davíðs takast á við baráttuna fyrir frelsi og lífið og ástina og allt þetta sem skiptir okkur máli. Ljóðið er í mínum huga líka náskýlt dansinum því það býr yfir þeirri sérstöðu að fólk leyfir sér oft að njóta fegurðarinnar og tilfinninganna án þess að skilja endilega til fulls. Ég vil að fólk láti þetta líka eftir sér þegar það horfir á dans – að njóta fegurðarinnar í hreyfingunum án þess að skilja eða með því að skilja einfaldlega á sinn hátt.“

magnus@frettabladid.is

Karлакór á hnefanum

TÓNLIST ★★★★★

Vortónleikar Stormsveitarinnar

SALNUM Í KÓPAVOGI LAUGARDAGINN 11. APRÍL

Í flestum tilvikum koma kórar fram með píanóleikara. En á laugardagskvöldið var boðið upp á tónleika með karlakór sem söng í fjórum röddum við undirleik rokkhljómsveitar. Þetta var Stormsveitin sem var stofnuð árið 2011.

Stefanía Svavarsdóttir söng ein söng með kórnum á tímabili á tónleikunum. Fyrir þá sem ekki vita vann hún Söngvakeppni Samfés árið 2008, þá sextán ára gömul. Svo flutti hún eitt af lögunum í Eurovision-forkeppninni í ár. Hún hefur fallega, bjarta rödd og afslappaða sviðsframkomu.

Kórinn var ekki slæmur. Eitt og eitt lag var ekki alveg hreint, en í það heila var söngurinn ágætlega samstilltur. Rokksveitin var líka góð, samanstóð af fínnum hljóðfæraleikum. Og lögin voru skemmtileg, þarna voru gamlir rokkslagarar, bæði erlendir og innlendir, í bland við þekktu karlakórsmúsík og þjóðlög.

Þetta eru góðu fréttirnar. Þær slæmu eru að kórsöngurinn var ákaflega einhæfur. Kórinn þrumaði út úr sér hverju laginu á fætur öðru með yfirbragði sem var alltaf eins. Flest lögin voru tekin á hnefanum, þau voru bókstaflega lamin áfram. Hljóðstyrkurinn var líka býsna mikill, og það skilaði sér í einhvers konar ofsa sem var þreytandi að upplifa.

Rokksveitin magnaði svo herlegheitin upp úr öllu valdi. Til allrar óhamingju var hljóðið ekki nægilega vel stillt. Trommuleikurinn var alltof hávæ, sem gerði tónlistina gríðarlega þunga. Lög sem eiga að vera létt og glaðleg, eins og t.d. Brúðkaupsvísur Þursaflokksins, hljómuðu hér eins og örvæntingarfullt neyðarkall. Það skorti galsa og eftirvæntingu í sönginn. Í staðinn var bara tryllingur sem afskræmdi tónlistina. Á tímabili var kórinn eins og hrædd fila-hjörð sem óð yfir allt og alla, tré og runna, konur og börn.

Hugsanlega er þarna um að kenna að það var enginn kórstjóri. Enginn sem hafði hemil á kórnum og hélt honum fókuseruðum. Kórinn mun þó hafa raddþjálfara, en það er ekki nóg. Svona kraftmiklir karlar þurfa aga.

Eins og áður sagði kom Stefanía Svavarsdóttir fram, söng bæði með kórnum og líka ein með rokksveitinni. Söngur hennar var glæsilegur, kraftmikill og tær. En styrkleikajafnvægið á milli hennar og rokksbandsins var ekki eins og það átti að vera. Trommurnar voru of sterkar sem fyrr, og í það heila var heildarhljómurinn óttalega gruggugur.

Stormsveitin er þó efnilegur sönghópur. Hann þarf bara betri listræna stjórnun. Einhvern sem fagar hann og hjálpar honum að skapa meiri breidd í túlkunina. Vonandi ber hann gæfu til að gera það.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Góður kór en einhæfur, auk þess sem hljóðið var ekki eins og best verður á kosið.



VERKSTJÓRINN Kormákur Bragason verkstjóri í ritstjórn Stínu en hann hefur komið að útgáfunni frá upphafi.

Stína er orðin tíu ára

Stína, tímarit um bókmenntir og listir er tíu ára.

Stína er merkilegt tímarit. Það kemur út tvisvar á ári og er án undantekninga stúfult af áhugaverðu efni, umfjöllunum, sögum, ljóðum og fjölmörgu fleiru sem unnendur bókmennta og lista ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

Ritstjórn Stínu skipa nú þau Guðbergur Bergsson, Kormákur Bragason, Kristín Ómarsdóttir, Hallgrímur Helgason og Kári Tulinius. Kormákur fer með verkstjórn innan ritstjórnarinnar og segir hann að það sé nú ekki breyting á Stínu á afmælisárinu. „Við erum þó að vinna í ákveðnum hlutum eins og að uppfæra vefsíðuna þar sem eru breytingar í undirbúningi. Þar er til að mynda ætlunin að bæta efni á erlendum tungumálum enda eru sífellt fleiri höfundar sem vilja skrifa á öðru tungumáli en íslensku, þá sérstaklega ensku. Sumir þessara höfundar eru íslenskir en það er mjög merkjandi hversu margir þeirra eru að leita út fyrir landsteinana. Það virðist nú ganga svona misvel, mjög vel hjá sumum en miður hjá öðrum, eins og gengur og gerist.“

Kormákur segir að áskrifendum að Stínu hafi heldur fjölgað á síðustu árum og hafi ritstjórnin sett sér það markmið að þeir fylli fimmta hundruðið á árinu. „Við erum með áskrifendur sem hafa verið með okkur frá upphafi og svo hefur orðið aukning á áskrifendum erlendis, bæði Íslendingum og erlendum þýðendum, ásamt fleiri íslenskumælendi einstaklingum sem vilja fylgjast vel með því sem er á döfinni.“

„Það sem gleður okkur þó hvað mest er hversu margir vilja skrifa í Stínu. Fyrra eintak ársins er nýkomandi út og við erum þegar búin að fylla seinna eintakið af efni. Við höfum frá upphafi lagt þá línu að vera opin fyrir ungum og nýjum höfundum sem eru að leitast við að koma sér á framfæri og það er mikilvægur þáttur í því sem við erum að gera. Svo erum við ekki eingöngu með bókmenntir, heldur er einnig fjallað um myndlist og leikhús reglulega svo dæmi sé tekið. Það er því af nógu að taka fyrir þá sem vilja fylgjast vel með í heimi bókmennta og lista með því að skella sér á áskrift að Stínu.“ mg



Auglýsing

um prestskosningu í Keflavíkurstakalli, Kjalarnessprófastsdæmi, framlagningu kjörskrár og utankjörstaðaatkvæðagreiðslu

Kjörstjórn þjóðkirkjunnar hefur samkvæmt lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, og starfsreglum um val og veitingu prestsembættis nr. 1109/2011, með síðari breytingum, ákveðið að kosning sóknarprests í Keflavíkurstakalli, Kjalarnessprófastsdæmi fari fram frá kl. 13:00 til kl. 20:00, föstudaginn 8. maí 2015 í Oddfellowhúsinu, Grófinni 6 í Reykjanesbæ.

Einn er í kjöri, séra **Erla Guðmundsdóttir**.

Kjörskrá verður lögð fram á aðgangsstýrdum vef þann 15. apríl 2015. Slóð á vefinn er hægt að nálgast á vefsíðunni kirkjan.is. Þar getur kjósendi flett upp hvort hann sé á kjörskrá. Við aðgangsstýringuna er notuð almenn innskráningarpjónusta s.s. Íslykill Þjóðskrár Íslands, sbr. 18. gr. fyrrgreindra starfsreglna. Kjörskrá verður aðgengileg til og með 7. maí 2015.

Á kjörskrá skal taka:

Þá sem eru í íslensku þjóðkirkjunni og eiga lögheimili í prestakallinu þegar kjörskrá er lögð fram (þ.e. 15. apríl 2015) og hafa náð 18 ára aldri þegar kosning fer fram (þ.e. 8. maí 2015).

Kærur til breytinga á kjörskrá þurfa að hafa borist kjörstjórn að biskupsstofu, Laugavegi 31, 101 Reykjavík fyrir miðnætti fimmtudaginn 23. apríl 2015. Kærur má senda á netfangið hanna.sampsted@kirkjan.is

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram frá 27. apríl til og með 7. maí 2015 á biskupsstofu, Laugavegi 31 í Reykjavík, frá kl. 09:00 til 16:00 alla virka daga og í Oddfellowhúsinu, Grófinni 6 í Reykjanesbæ sem hér segir:

Mánudaginn 27. apríl frá kl. 15:00 til kl. 18:00.

Miðvikudaginn 29. apríl frá kl. 15:00 til kl. 18:00.

Laugardaginn 2. maí frá kl. 13:00 til kl. 16:00.

Þriðjudaginn 5. maí frá kl. 15:00 til kl. 18:00.

Vismenn á hjúkrunarheimilinu Hlévangi geta kosið mánudaginn 27. apríl frá kl. 13:00 til kl. 15:00 á Hlévangi.

Reykjavík, 13. apríl 2015
f.h. kjörstjórnar þjóðkirkjunnar
Hjördís Stefánisdóttir, formaður.



já

1818

TVÖFALT
AUÐVELDARA
AÐ MUNA

Þann **1. maí** færist
þjónustan okkar úr
númerinu **118 í 1818**

Hátíðleiki

BAKPANKAR
Berglindar
Pétursdóttur



Ég elska hátíðir. Ég hef verið við-loðandi hátíðir um langt skeið. Ég seldi fólki með þykkar gleraugnaungjarðir miða á djasshátíð mörg ár í röð, sit í stjórn danshátíðar, bý með manni sem skipuleggur hátíðir að atvinnu og er tíður hátíðargestur. Enda ekki kölluð Hátíðar-Berglind að ástæðulausu.

Í vaxandi mæli eru haldnar hátíðir á Íslandi, litlar og stórar. Danshátíðir, tónlistarhátíðir, tölvuleikjahátíðir, barnamenningarhátíðir, myndlistarhátíðir, veiðikvikmyndahátíðir, venjulegar kvikmyndahátíðir og hvaðeina. Fólk flykkist á hátíðir daginn út og inn, velur

sér einfaldlega hátíð eftir áhugasviði, kaupir hátíðarpassa og er svo á upplifunarfylleri nokkra daga í röð. Þetta er stórkostlegt fyrirbæri, að anda svona djúpt að sér, fylla á skilningarvitin á nokkrum dögum og blása svo rólega frá meðan maður bíður spennur eftir næstu hátíð.

HÁTÍÐIR eru auðvitað frábær vettvangur fyrir fólk á sama áhugasviði að koma saman og ræða málin en geta að sama skapi vakið upp snobbþúka í þeim sem telja sig sérfræðinga í viðfangsefninu hverju sinni. Ég kynni að öllum líkindum ekki deili á neinum listamönnum á sjónlistahátíð sem nú stendur yfir, en hef engu að síður mikinn áhuga á að mæta og njóta og vera í stuði. Þess vegna er svo leiðinlegt að lenda í gæjanum sem segir ehh, veistu ekki hver

þetta er? Þetta er sko frægasti gúmmí-skúlptúrgerðarmaður í heimi, auli. Takk, bless og fyrirgefðu, svara ég um hæl og hrökklast heim að skammast mín fyrir að hafa ekki lesið stubb á Wikipediu áður en ég lagði af stað.

FÓLK er hrætt við dans. Fólk er hrætt við djass. Guð veit að ég er hrædd við veiðikvikmyndagerð. Af því að ég veit ekkert um hana. Það besta er að vera með opið hjarta og kynna sér málin. Kýla bara á það og kaupa sér miða á veiðikvikmyndahátíð eða gúmmígerðarhátíð og tjékka á hlutunum.

OG þá er svo gott að þeir sem taka á móti manni séu ekki með súrrealískan skúlptúr uppi í rassgatinu og taki vel á móti, fræði og séu mjúkir. Gleðilegar alls konar hátíðir.

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

L

★★★★ - Empire

SÍMIL MAHIGOLD "HOTEL"

12

FACEANCE WITH WARR

FAST & FURIOUS 7

FÚSI

★★★★ - K.M.O., F.B.L.

★★★★ - H.S., M.B.L.

7

SYND MEÐ ISLENSKU TALI Í 2D OG 3D

SAMBA

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁS BÍÓ **COCA-COLA**

12

FAST & FURIOUS 7

12

GET HARD

L

SYND MEÐ ISLENSKU TALI Í 2D OG 3D

SAMBA

SÝNINGARTÍMAR Á MIDÍ.IS OG LAUGARÁSBÍÓ.IS

SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKA - KRINGLUNNI - EGILSHÖLL
KEFLAVÍK - AKUREYRI

SÍMI 575-8900

LIAM NEESON

RUN ALL NIGHT

★★★★

„RUN ALL NIGHT ER HRÆÐUR OG FLÖTTUR PRILLER, MEÐ NEESON Í TOPPFORMI.“

CHICAGO SUN-TIMES

16

FAST & FURIOUS 7

12

blóðberg

NÝ ISLENSK KVIKMYND EFTIR BJÖRN HLYN HARALDSSON

L

ISLENSKT TAL

TÖFRARÍKIÐ

UPPLÝSINGAR UM SÝNINGARTÍMA MÁ FINNA Á

SAMbio.is

TRYGGÐU PÉR MIÐA Á NETINU



GLÆSILEGT
Aðstaðan er mjög rúmgóð og glæsileg.

Risastór hjólabrettaaðstaða inni í miðju Glerártorgi

Í verslunarmiðstöðinni Glerártorgi á Akureyri hefur verið opnuð stærsta innanhússhjólabrettaaðstaða á Íslandi.

Á Glerártorgi á Akureyri hefur verið opnuð stærsta innanhússhjólabrettaaðstaða á landinu. „Við opnuðum þetta í samstarfi við Mohawks í tilraunaskyni og erum með þetta á reynslu út apríl. Þetta hefur gengið rosalega vel og hér eru alveg 20 upp í 50 manns á dag,“ segir Gunnlaugur Víðir Guðmundsson hjá Jaðaríþróttafélaginu Hasar, sem er einn af aðstandendum aðstöðunnar. Hjólabrettafólk á Akureyri hefur ekki haft neina æfingaaðstöðu innanhúss fyrr en nú, og vonast þau til að geta haldið aðstöðunni áfram, ásamt því að bjóða fleirum að nýta hana. „Hugmyndin á bak við þetta er að þarna geti ekki aðeins hjólabrettafólk komið og æft yfir vetrarmánuðina, heldur er draumurinn að þarna geti

snjóbretta-, parkour- og fimleikaíðkendur æft í samstarfi við Hasar og félagin sem þau æfa hjá,“ segir Gunnlaugur. Hann segir Glerártorg vera frábæran stað fyrir þessa aðstöðu og að eigendur hafi tekið vel í hugmyndina. „Eina svæðið sem hjólabrettafólk hafði var ekki í alfaraleið, einhvers staðar í rjóðri, þannig að það gat verið hættulegt. Hjá okkur er alltaf starfsmaður á vakt og allir sem hingað koma eru skyldugir til þess að vera með hjálm,“ segir hann. Ef allt gengur upp er draumurinn að bjóða upp á námskeið á svæðinu. „Draumurinn væri að fá til dæmis Fimleikafélag Akureyrar, parkour- og snjóbrettafólk með okkur í samstarf, þannig að það væri hægt að bjóða þeim að æfa líka hér,“ segir hann.



Á ÖLLUM ALDRI Þessi á framtíðina fyrir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NIELSSON

BÍÓ ★ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

RELATOS SALVAJES

Antboy: rauða refsinnormin ... 18.00 What we do in the shadows 20.00
The grump 18.00 Wild tales 22.00
Citizenfour 20.00 Stations of the cross 22.00
Black coal, thin ice ... 20.00, 22.10

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

STARFSEMI Á ÁRINU 2014

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins LSR
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga LH

Ávöxtun LSR 10,1%
Hrein raunávöxtun 8,9%

Ávöxtun LH 10,6%
Hrein raunávöxtun 9,3%

Samanlagðar eignir 563 milljarðar kr.
Tekjur af fjárfestingum 52 milljarðar kr.
Lífeyrisgreiðslur 36 milljarðar kr.


Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2014

	A-deild LSR	B-deild LSR	Séreign LSR	LSR samtals	LH	LSR & LH samtals
Iðgjöld	19.927	2.340	830	23.097	248	23.424
Lífeyrishækkunar	0	10.228	0	10.228	1.066	11.294
Uppgreiðslur og innb. v/skuldbindinga	0	1.515	0	1.515	150	1.665
Lífeyrir	-3.511	-29.019	-534	-33.064	-2.744	-35.808
Fjárfestingartekjur	22.685	23.046	714	46.446	2.668	49.113
Breytingar á niðurfærslu	429	2.613	0	3.042	44	3.086
Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður	-316	-421	-9	-745	-65	-811
Hækkun á hreinni eign á árinu	39.215	10.303	1.001	50.519	1.366	51.885
Hrein eign frá fyrra ári	256.744	217.024	11.186	484.953	25.993	510.947
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	295.958	227.327	12.187	535.472	27.359	562.831

Fjárhæðir í milljónum króna.

Hrein eign til greiðslu lífeyris

(í milljö. kr.)



Efnahagsreikningur 31.12.2014

	A-deild LSR	B-deild LSR	Séreign LSR	LSR samtals	LH	LSR & LH samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum	112.488	117.129	6.303	235.920	14.226	250.147
Verðbréf með föstum tekjum	140.450	73.475	347	214.272	9.982	224.254
Veðlán	29.461	30.278	0	59.739	2.127	61.867
Aðrar fjárfestingar	534	104	5.055	5.693	55	5.748
Bankainnistæður	12.389	6.616	518	19.523	1.216	20.739
Kröfur og aðrar eignir	1.471	1.004	24	2.499	40	2.539
Skuldir	-834	-1.280	-61	-2.175	-287	-2.462
Hrein eign til greiðslu lífeyris	295.958	227.327	12.187	535.472	27.359	562.831

Eignir utan efnahagsreiknings

Krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana		270.722		270.722	38.949	309.672
---	--	---------	--	---------	--------	---------

Fjárhæðir í milljónum króna.

Lífeyrisskuldbindingar skv. tryggingafræðilegri úttekt 31.12.2014

	A-deild LSR
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	4.812
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	1,6%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	-55.628
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	-9,6%

Fjárhæðir í milljónum króna.

Kennitölur 2014

	A-deild LSR	B-deild LSR	Séreign Leið I	Séreign Leið II	Séreign Leið III	LSR samtals	LH
Nafnávöxtun	8,7%	12,2%	8,9%	7,8%	3,2%	10,1%	10,6%
Hrein raunávöxtun	7,5%	10,9%	7,7%	6,7%	2,1%	8,9%	9,3%
5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	5,0%	6,4%	6,3%	6,5%	2,4%	5,7%	5,9%
10 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	2,2%	2,7%	2,4%	2,7%	4,0%	2,4%	2,2%
Verðbréfaeign í íslenskum krónum	76,4%	55,4%	66,8%	70,9%	100,0%	67,5%	55,3%
Verðbréfaeign í erlendum gjaldmiðlum	23,6%	44,6%	33,2%	29,1%	0,0%	32,5%	44,7%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af eignum	0,05%	0,11%	0,06%	0,06%	0,06%	0,08%	0,14%
Fjárfestingargjöld í hlutfalli af eignum	0,07%	0,07%	0,03%	0,03%	0,01%	0,07%	0,10%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	23.313	3.450	1.098	415	1.292	29.569	351
Meðalfjöldi lífeyrisþega	3.709	12.993	55	17	105	16.873	946

Ársfundur

Ársfundur LSR og LH verður haldinn fimmtudaginn 21. maí nk. kl. 15:00 í húsnæði LSR við Engjateig 11. Fundurinn er opin allum sjóðfélögum og launagreiðendum.



Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11 • 105 Reykjavík • Sími: 510 6100 • www.lsr.is

Framkvæmdastjóri LSR og LH
Haukur Hafsteinsson

Stjórn LH

Oddur Gunnarsson, formaður
Ragnheiður Gunnarsdóttir, varaformaður
Guðjón Hauksson
Halldóra Friðjónsdóttir

Stjórn LSR

Árni Stefán Jónsson, formaður
Gunnar Björnsson, varaformaður
Áslaug María Friðriksdóttir
Guðlaug Kristjánsdóttir
Guðrún Ögmundsdóttir
Viðar Helgason
Þórður Á. Hjaltested
Þorveig Þormóðsdóttir

Tinna og Kári Íslandsmeistarar

BADMINTON Tinna Helgadóttir og Kári Gunnarsson tryggðu sér í dag Íslandsmeistararatilinn í einliðaleik í badminton.

Tinna lagði Margréti Jóhannsdóttur í úrslitum, 2-0.

Tinna hefur unnið Íslandsmeistararatilinn þrisvar áður, árin 2009, 2013 og 2014. Þetta er því fjórði Íslandsmeistaratilill hennar.

Kári vann Skagamanninn Egil G. Guðlaugsson í úrslitaleik, 21-10 og 21-12.

Elsa Nielsen og Raket Jóhannesdóttir unnu tvíliðaleik kvenna eftir leik gegn Drífu Harðardóttur í Á og Tinna Helgadóttur TBR. Drífa og Tinna unnu fyrri lotuna 21-16. Seinni lotuna unnu þær 21-12 og hömпуðu með því Íslandsmeistaratili í tvíliðaleik kvenna 2015.

Daníel Thomsen og Margrét Jóhannsdóttir TBR tryggðu sér titilinn í tvívenndarleik.



ÍR í undanúrslit eftir æsispennandi oddaleik gegn Akureyri

HANDBOLTI ÍR mun mæta Aftureldingu í undanúrslitum Ólís-deildar karla eftir að hafa lagt Akureyri að velli í æsispennandi oddaleik í Austurbergi í gær.

Pó svo að markvörður Akureyrar, Tomas Olason, hafi farið á kostum en markverðir ÍR hafi aðeins verið átta skot þá tókst ÍR að vinna með tveimur mörkum, 24-22.

„Við unnum, ég er ánægðastur með það,“ sagði Björgvin Hólmgeirsson högvær eftir leik. „Við náðum að stoppa þá í vörninni og fengum mörk í sókninni. Það var mjög ánægjulegt. Þetta voru tvær sterkar varnir sem mættust hér. Akureyri vinnur yfirleitt á því að spila sterka vörn og hornamennirnir þeirra skora mikið úr hraðaupppláupum. En okkur gekk ágætlega að stoppa þá í dag,“ sagði Björgvin sem segist vera í ágætis ásigkomulagi þrátt fyrir að hafa glímt við meiðsli undanfarnar vikur.

Heimir Örn Arnason bar sig vel þrátt fyrir tap Akureyrar. „Þetta eru mikil vonbrigði en það var gaman að spila og stemningin var frábær,“ sagði Heimir. „Þetta var miklu betri handbolti en í fyrstu tveimur leikjunum, meiri tilþrif og áhorfendavæna. Þetta datt þeirra megin.“



ÁTÖK Heimir Örn er hér í kröppum dansi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÚRSLIT

DOMINO'S-DEILD KARLA

UNDANÚRSLIT, 3. LEIKUR

KR - NJARÐVÍK 83-75
KR: Michael Craion 24, Brynjar Þór Björnsson 16/6 fráköst/7 stoðsendingar, Darri Hilmarsson 16/8 fráköst, Helgi Már Magnússon 15/5 fráköst/3 varin, Björn Kristjánsson 5/12 fráköst, Finnur Atli Magnússon 4, Pavel Ermolinskij 3/8 fráköst.

Njarðvík: Stefan Bonneau 27/11 fráköst/6 stoðsendingar, Logi Gunnarsson 19/4 fráköst, Mirko Stefan Virijević 16/8 fráköst, Ólafur Helgi Jónsson 8/5 fráköst, Hjörtur Hrafn Einarsson 4, Ágúst Orrason 1.

Staðan í einvignu er 2-1 fyrir KR.

OLÍSDEILD KARLA

8-LIÐA ÚRSLIT, 3. LEIKUR

ÍR - AKUREYRI 24-22
ÍR - Mörk (skot): Björgvin Hólmgeirsson 8 (16), Sturla Ásgeirsson 7/4 (10/5), Davíð Georgsson 3 (7), Arnar Birkir Hálfðánsson 3 (8), Bjarni Fritsson 1 (1), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 1 (1), Jón Heiðar Gunnarsson 1 (2), Brynjar Valgeir Steinarsson (1).

Varin skot: Arnór Freyr Stefánsson 7 (22/3, 32%), Svavar Már Ólafsson 1 (8/2, 13%).

Hraðaupppláup: 5 (Björgvin 2, Sturla, Davíð, Jón Heiðar)

Fiskuð víti: 5 (Sturla, Jón Heiðar 4)

Utan valla: 12 mínútur.

Akureyri - Mörk (skot): Heiðar Þór Aðalsteinsson 8/5 (8/5), Heimir Örn Arnason 6 (10), Sigþór Heimisson 3 (5), Halldór Logi Arnason 2 (4), Kristján Orri Jóhannsson 2 (5/1), Bergvin Þór Gíslason 1 (4), Sverre Jakobsson (1), Brynjar Hólm Grétarsson (2).

Varin skot: Tomas Olason 21/1 (45/5, 47%).

Hraðaupppláup: 2 (Heiðar, Kristján Orri)

Fiskuð víti: 6 (Halldór Logi 2, Kristján Orri 2, Bergvin Þór 2)

Utan valla: 12 mínútur.

ENSKA ÚRVALSDEILDIN

MAN. UTD - MAN. CITY 4-2
0-1 Sergio Aguero (8.), 1-1 Ashley Young (14.), 2-1 Marouane Fellaini (27.), 3-1 Juan Mata (67.), 4-1 Chris Smalling (73.), 4-2 Sergio Aguero (89.).

QPR - CHELSEA 0-1
0-1 Cesc Fabregas (88.).

SWANSEA - EVERTON 1-1
0-1 Aaron Lennon (41.), 1-1 Jonjo Shelvey, víti (69.).

SOUTHAMPTON - HULL 2-0
1-0 James Ward-Prowse, víti (56.), 2-0 Graziano Pelle (81.).

SUNDERLAND - CRYSTAL PALACE 1-4
0-1 Glenn Murray (48.), 0-2 Yannick Bolasie (51.), 0-3 Yannick Bolasie (53.), 0-4 Yannick Bolasie (62.), 1-4 Connor Wickham (90.).

TOTTENHAM - ASTON VILLA 0-1
0-1 Christian Benteke (35.).

WEST HAM - STOKE CITY 1-1
1-0 Aaron Cresswell (7.), 1-1 Marko Arnautovic (90.+5).

WBA - LEICESTER CITY 2-3
1-0 Darren Fletcher (8.), 1-1 David Nugent (20.), 2-1 Craig Gardner (26.), 2-2 Robert Huth (80.), 2-3 Jamie Wardy (90.+1).

BURNLEY - ARSENAL 0-1
0-1 Aaron Ramsey (12.).

STAÐAN

Chelsea	31	22	7	2	64-26	73
Arsenal	32	20	6	6	63-32	66
Man. Utd	32	19	8	5	59-30	65
Man. City	32	18	7	7	65-34	61
Southampton	32	17	5	10	44-22	56
Liverpool	31	16	6	9	45-36	54
Tottenham	32	16	6	10	50-46	54
Swansea	32	13	8	11	38-40	47
West Ham	32	11	10	11	42-40	43
Stoke City	32	12	7	13	36-40	43
Crystal Palace	32	11	9	12	42-43	42
Everton	32	9	11	12	40-43	38
Newcastle	31	9	8	14	33-49	35
WBA	32	8	9	15	30-46	33
Aston Villa	33	8	8	17	24-45	32
Sunderland	32	5	14	13	25-48	29
Hull City	32	6	10	16	29-45	28
QPR	33	7	5	21	38-59	26
Burnley	32	5	11	16	26-50	26
Leicester	31	6	7	18	32-51	25

Það er rautt vor í Manchester

Manchester United vann yfirburðasigur á nágrönnum sínum í Man. City í gær. Það munar fjórum stigum á liðunum eftir leikinn. Chelsea er með gott forskot á toppnum eftir nauman sigur á QPR í gær.

FÓTBOLTI „Ég er mjög ánægður því stuðningsmennirnir eru ánægðir og við spilum fyrir þá,“ sagði Louis van Gaal, stjóri Man. Utd, eftir 4-2 sigurinn á Man. City í gær.

Þetta var sjötti sigur Man. Utd í röð og liðið er í þriðja sæti með fjögurra stiga forskot á næsta lið sem er Man. City. United er aðeins stigi á eftir Arsenal sem er í öðru sæti. United er þegar búin að fá fleiri stig en á síðustu leiktíð og á enn eftir að spila sex leiki.

United byrjaði leikinn í gær skelfilega en eftir að Sergio Aguero kom City yfir snemma leiks tók United yfir leikinn og vann afar sannfærandi sigur.

„Stuðningsmennirnir hafa ekki alltaf getað skemmt sér vel og byrjun leiksins hjálpaði ekki til. Samt héldu þeir áfram að styðja okkur og sigarnir eru farnir að koma í hús. Það er frábært að vera stuðningsmaður Man. Utd í dag.“

Hollenski stjórinn segir að það hafi verið einstök upplifun að stýra liði Man. Utd í nágrannaslag á Old Trafford.

„Þessi leikur er mín besta minning frá Old Trafford hingað til. Ég get ekki kvartað yfir baráttuand-anum hjá mínum mönnum því



FRÁBÆR Ashley Young var besti maður valla í gær og hann fagnar hér marki sínu í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



HETJAN Fabregas fagnar hér sigurmarki sínu fyrir Chelsea í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Man. City var miklu betra liðið fyrstu 15 mínúturnar og skoraði. Við fengum aftur á móti sjálfs-traustið aftur er við jöfnuðum. Eftir það spiluðum við frábæran fótþolta. Auðvitað hefði verið gott að byrja tímabilið betur en síðustu 20 leikir hafa verið mjög góðir og við verðum betri en flest lið deildarinnar.“

Efstu fjögur sætin gefa þátt-

tökurétt í Meistaradeildinni næsta vetur en það skiptir máli að ná þriðja sætinu því það lið fer beint í riðlakeppnina.

„Þriðja sætið er gríðarlega mikilvægt. Við erum á réttri leið og ætlum að halda áfram á þessari braut,“ sagði Val Gaal.

Það var ekkert sérstaklega hátt risið á Manuel Pellegrini, stjóra Man. City, eftir skellinn.

Það er frábært að vera stuðningsmaður Man. Utd í dag.

Louis van Gaal, stjóri Man. Utd.

„Þetta er mjög erfið staða hjá okkur en það er ekkert annað í boði en að berjast allt til enda. Við erum að fjarlægjast liðin fyrir ofan okkur,“ sagði Pellegrini en hann gat ekki kvartað mikið þó svo að þriðja mark United hefði verið ólöglegt. Hans lið var einfaldlega lakara á velli. Þetta var fimmta tap City á árinu en liðið tapaði aðeins fjórum leikjum 2014.

„Þeir voru betri. Við byrjuðum samt betur en eftir að þeir skora annað mark sitt þá hættum við að spila okkar leik. Ég skil eiginlega ekki hvernig við gátum spilað svona vel í 20 mínútur og síðan gefið eftir eins og við gerðum. Það er meira en eitt vandamál í okkar herbúðum og ég verð að finna út úr þessu.“

Eitt skot dugði til sigurs

Chelsea spilaði ekki sinn besta leik gegn QPR og var í raun stálheppið að tapa ekki. Það er ekki spurt að slíku og Chelsea vann, 1-0, þó svo að liðið hefði aðeins náð einu skoti á markið allan leikinn.

„Okkur vantar ellefu stig í viðbót. Þetta er ekkert flókið. Staða okkar er góð en við eigum stórleiki eftir,“ sagði Jose Mourinho, stjóri Chelsea, en hans lið mætir Man. Utd um næstu helgi og á einnig eftir að spila gegn Arsenal og Liverpool.

„Það eru ekki einu stóru leikirnir. Leicester verður stórleikur sem og leikurinn gegn WBA. Kannski verður leikurinn gegn Sunderland það líka. Þetta eru allt leikir sem skipta bæði lið miklu máli. Það var gríðarlega mikilvægt að vinna þennan leik og aðeins í annað sinn í vetur sem við skorum sigurmark undir lokin. Ég naut leiksins og væri til í að spila hér aftur á næstu leiktíð.“

henry@frettabladid.is

Norðurlandamet Eyglóar Óskar stóð upp úr

Flottur árangur náðist á Meistaramóti Íslands í sundi sem fram fór í Laugardalnum um helgina.

SUND Alls voru sett sex Íslands-met, sex aldursflokkamet og eitt Norðurlandamet á Meistaramóti Íslands í sundi um helgina.

Það var Eygló Ósk Gústafsdóttir sem sló Norðurlandamet í 200 metra baksundi. Hún hlaut svo Kolbrúnarbikarinn í mótislok.

Kolbrúnarbikarinn er gefinn í minningu Kolbrúnar Ólafsdóttur, sundkonu úr Sunddeild Ármanns. Hann er veittur fyrir besta afrek kvenna skv. stigatöflu FINA frá lokum ÍM50 til og með næsta ÍM50 sem haldið er. Hún setti líka Íslandsmet í 100 metra baksundi á mótinu.

Eygló Ósk er eini Íslendingurinn sem er búinn að tryggja sér

þátttökurétt á ÓL í Ríó árið 2016.

Bryndís Rún Hansen náði líka flottum árangri í gær er hún varð fyrsta íslenska konan til þess að synda 50 metra flugsund á undir 27 sekúndum. Hún synti á 26,92 sekúndum.

Hrafnhildur Lúthersdóttir var einnig í fínu formi og hlaut Sigurðarbikarinn fyrir 50 metra bringusund sem hún synti á 31,29 sekúndum.

Hrafnhildur fékk 836 FINA-stig fyrir sundið. Sigurðarbikarinn er gefinn í minningu Sigurðar Jónssonar Þingeyings og er veittur fyrir besta afrek í bringusundi á ÍM50 hvert ár samkvæmt stigatöflu FINA.

- hbg



Í HÖRKUFORMI Eygló Ósk er sífellt að bæta sig eins og mátti sjá í Laugardalslauginni um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vertu tilbúin fyrir.....

SUMARIÐ 2015

2015 árgerðin af hjólhýsum frá Hobby og Adria

Komdu og upplifðu framtíðina í hjólhýsum og byrjaðu að hlakka til næsta sumars.

Að sjálfsgöðu tökum við gamla vagninn upp í nýjan.

Opið laugardaga og sunnudaga frá klukkan 12 til 16.



★★★★★
GÆÐI - GLEÐISILEIKI - GOTT VERÐ

Hobby



 **ADRIA**


VÍKUR
V • E • R • K

VÍKURVERK EHF • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS

STÖÐ 2 KL. 20.20

Brestir (3:5)
Önnur syrpa þessa vandaða fréttaskýringabáttar sem rýnir í bresti samfélagsins. Forvitnir þáttstjórnendur gægjast undir yfirborðið og fylgjast með því sem fram fer fyrir luktum dyrum. Rýna í það sem er löglegt en siðlaust – en líka það sem er siðlegt en lögbrot. Umsjónarmenn eru Lóa Pind Aldísardóttir, Kjartan Hreinn Njálsson, Þórhildur Þorkelsdóttir og Þorbjörn Þórðarson.



Í KVÖLD



Boys Don't Cry

BÍÓSTÖÐIN KL. 22.00 Sannsóguleg kvikmynd sem sópaði til sín verðlaunum og færði meðal annars Hilary Swank Óskarinn. Brandon Teena er vinsæll strákur í litlum bæ í Nebraska. Hann á marga vini og stelpurnar falla flatar fyrir honum.



New Girl

GULLSTÖÐIN KL. 19.55 Fjórða syrpan um Jess og sambylinga hennar. Jess er söm við sig, en sambylingar hennar og vinir eru smám saman að átta sig á þessari undarlegu stúlku, sem hefur nú öðlast vináttu þeirra allra. Með aðalhlutverk fer Zoey Deschanel, Jake Johnson og Damon Wayans Jr.



Flight of the Conchords

STÖÐ 3 KL. 18.30 Frábær þáttaröð um þá Jemaine Clement og Bret McKenzie um landvinninga nýsjálensku sveitarinnar Flight of the Conchords í Bandaríkjunum.

Bylgjan kl. 10 Ívar Guðmundsson

Ívar Guðmundsson sér um morgnana frá 10-13 og er þátturinn hans fyrst og fremst skemmtilegur tónlistarþáttur. Hann er persónulegur og byggður upp þannig að fólk hafi gaman af því að hlusta á útlarp.



20:25

BRESTIR

Kynþáttaníð um tvo munaðarlausu íslenska drengi, dökka á hörund, hefur staðið á íslenskri vefsíðu árum saman án þess að yfirvöld geti aðhafst. Rætt verður við ábyrgðarmann síðunnar í næsta þætti Bresta, einnig verður birt viðtal við íslenskan rasista og velt upp spurningunni hvort útlendinga-fordómar þrífst á Íslandi.

FRÁBÆR MÁNUDAGUR!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365



HBO

1. ÞÁTTUR!

21:40

GAME OF THRONES

Fyrsti þáttur í fimmtu þáttaröðinni um hið magnaða valdatafl og blóðuga valdabaráttu sjö konungsfjölskyldna í Westeros en allar vilja þær ná yfirráðum yfir hinu eina sanna konungssæti, The Iron Throne.

20:55

BACKSTROM

Gamansamur sakamálabáttur um lögreglumanninn Everett Backstrom sem er kærulaus og drykkfeldur en ótrúlega fær í sínu starfi.



STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 The Middle (1:24)
- 08.30 2 Broke Girls (22:24)
- 08.50 Selfie (1:13)
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors (56:175)
- 10.15 Heilsugengið (3:8)
- 10.40 Gatan mín
- 11.00 Mistresses (9:13)
- 11.45 Falcon Crest (13:22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 The X-Factor US (25:26)
- 14.35 ET Weekend (30:53)
- 15.20 Villingarnir
- 15.45 Tommi og Jenni
- 16.05 Raising Hope
- 16.30 Guys With Kids (10:17)
- 16.55 A to Z (5:13)
- 17.20 Bold and the Beautiful
- 17.40 Nágrannar
- 18.05 Simpson-fjölskyldan (2:22)
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.55 Ísland í dag
- 19.35 Selfie (11:13)
- 19.55 The New Girl (8:23)
- 20.20 Brestir (3:5)
- 20.50 Backstrom (5:13)
- 21.40 Game Of Thrones (1:10)
- 22.35 Transparent (10:10)
- 23.05 Vice (5:14)
- 23.30 Daily Show: Global Edition
- 00.00 Modern Family (19:24)
- 00.20 The Big Bang Theory (19:24)
- 00.40 White Collar (4:13)
- 01.25 A.D.: Kingdom and Empire
- 02.05 Tucker and Dale vs. Evil
- 03.35 Sleeping with The Enemy
- 05.10 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 07.00 Dominos deildin KR - Njarðvík
- 12.30 UEFA Champions League
- 14.50 UEFA Champions League
- 16.30 MotoGP
- 17.30 Dominos deildin KR - Njarðvík
- 19.00 Dominos deildin Tindastóll - Haukar
- 21.00 Spænsku mörkin
- 21.30 Spænski boltinn Real Madrid - Eibar
- 23.10 UFC Live Events UFC 182: Jones vs. Cormier
- 01.00 Dominos deildin Tindastóll - Haukar

SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 QPR - Chelsea
- 08.40 Man. Utd. - Man. City
- 12.10 West Ham - Stoke
- 13.50 Swansea - Everton
- 15.30 QPR - Chelsea
- 17.10 Man. Utd. - Man. City
- 18.50 Liverpool - Newcastle
- 21.00 Messan
- 22.15 Football League Show
- 22.45 Liverpool - Newcastle
- 00.25 Messan

INN

- 20.00 Frumkvöðlar
- 20.30 Panorama
- 21.00 Fyrirtækjaheimsóknir
- 21.30 Stormað

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Raðíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1

STÖÐ 3

- 16.55 Wipeout
- 17.40 One Born Every Minute UK
- 18.30 Flight of the Conchords (10:10)
- 19.00 The Amazing Race (11:12)
- 19.45 The Bill Engvall Show (2:10)
- 20.10 Saving Grace (13:19)
- 20.55 The Finder (7:13)
- 21.40 Vampire Diaries (17:22)
- 22.25 Pretty little liars (20:25)
- 23.10 The Amazing Race (11:12)
- 23.55 The Bill Engvall Show (2:10)
- 00.20 Saving Grace (13:19)
- 01.05 The Finder (7:13)
- 01.45 Vampire Diaries (17:22)
- 02.25 Pretty little liars (20:25)
- 03.05 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

- 07.00 Kalli á þakinu
- 07.22 Brunabíllarnir
- 07.47 Skoppa og Skríttla
- 08.00 Strumparnir
- 08.25 Lukku-Láki
- 08.47 Töfrahetjurnar
- 09.00 Könnuðurinn Dóra
- 09.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
- 09.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 09.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 10.00 Áfram Diego, áfram!
- 10.24 Svampur Sveins
- 10.45 Elías
- 10.55 UKI
- 11.00 Kalli á þakinu
- 11.22 Brunabíllarnir
- 11.47 Skoppa og Skríttla
- 12.00 Stumparnir
- 12.25 Lukku-Láki
- 12.47 Töfrahetjurnar
- 13.00 Könnuðurinn Dóra
- 13.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
- 13.45 Doddi litli
- 13.55 Rasmus Klumpur
- 14.00 Áfram Diego, áfram!
- 14.24 Svampur Sveins
- 14.45 Elías
- 14.55 UKI
- 15.00 Kalli á þakinu
- 15.22 Brunabíllarnir
- 15.44 Skoppa og Skríttla
- 16.00 Strumparnir
- 16.25 Lukku-Láki
- 16.47 Töfrahetjurnar
- 17.00 Könnuðurinn Dóra
- 17.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
- 17.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 17.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 18.00 Áfram Diego, áfram!
- 18.24 Svampur Sveins
- 18.45 Elías
- 18.55 UKI
- 19.00 Kapteinn Skögultönn

GULLSTÖÐIN

- 18.25 Friends (11:24)
- 18.50 Modern Family (16:24)
- 19.10 New Girl (16:23)
- 19.35 The Big Bang Theory (11:24)
- 20.00 Sjálfstætt fólk
- 20.30 Eldsnögg með Jóa Fel (3:9)
- 21.00 Broadchurch (1:8)
- 21.50 Sisters (23:24)
- 22.35 Grimm (20:22)
- 23.20 Sjálfstætt fólk
- 00.20 Broadchurch (1:8)
- 01.10 Sisters (23:24)
- 01.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

- 10.50 Ruby Sparks
- 12.35 Family Weekend
- 16.25 Ruby Sparks
- 18.10 Family Weekend
- 22.00 Boys Don't Cry
- 01.30 Predator
- 03.15 Boys Don't Cry

RÚV

- 16.30 Séra Brown (3:10)
- 17.20 Tré Fú Tom (5:13)
- 17.42 Um hvað snýst þetta allt?
- 17.47 Loppulúði, hvar ertu?
- 18.00 Skúli skelfir (2:24)
- 18.15 Táknafréttir
- 18.25 Vísindahorn Ævars
- 18.35 Þú ert hér (4:6)
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Astrid Lindgren (2:3)
- 21.05 Spilaborg (7:13)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Hringborðið (5:8)
- 23.05 Kvöldstund með Jools Holland
- 00.10 Kastljós
- 00.35 Fréttir
- 00.50 Dagskrárlok

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Talk
- 09.45 Pepsi MAX tónlist
- 14.40 Cheers (11:26)
- 15.00 Scorpion (13:22)
- 15.50 Parenthood (17:22)
- 16.30 Judging Amy (4:23)
- 17.10 The Good Wife (15:22)
- 17.50 Dr. Phil
- 18.30 The Tonight Show Spjallþáttasníllingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsæla þætti Tonight Show sem hefur slegið öll áhorfsmet.
- 19.10 The Talk
- 20.15 My Kitchen Rules (1:10)
- 21.00 Hawaii Five-0 (19:25)
- 21.45 CSI: Cyber (4:13)
- 22.30 The Tonight Show
- 23.15 The Good Wife (16:22)
- 00.00 Elementary (17:24)
- 00.45 Hawaii Five-0 (19:25)
- 01.30 CSI: Cyber (4:13)
- 02.15 The Tonight Show
- 03.05 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.00 2015 Augusta Masters
- 13.00 PGA Tour 2015 Highlights
- 13.55 Golfing World 2015
- 14.45 PGA tour 2015
- 18.15 Augusta Masters
- 23.15 Inside The PGA Tour 2015

HRINGBRAUT

- 11.00 Helgin (e)
- 11.30 Kvinnaráð (e)
- 12.00 Helgin (e)
- 12.30 Kvinnaráð (e)
- 13.00 Helgin (e)
- 13.30 Kvinnaráð (e)
- 14.00 Helgin (e)
- 14.30 Kvinnaráð (e)
- 16.00 Helgin (e)
- 16.30 Kvinnaráð (e)
- 17.00 Helgin (e)
- 17.30 Kvinnaráð (e)
- 18.00 Helgin (e)
- 18.30 Kvinnaráð (e)
- 19.00 Helgin (e)
- 19.30 Kvinnaráð (e)
- 20.00 Lífstíll
- 20.30 Hringtorg
- 21.00 Úr smíðju Páls Steingrímssonar
- 22.00 Lífstíll (e)
- 22.30 Hringtorg (e)
- 23.00 Úr smíðju Páls Steingrímssonar (e)

FISKIBOLLUR

2 FYRIR **1** 2 KG. **1.690 kr**



SKATA KÆST OG LÉTTSÖLTUÐ

990 kr/kg

GLÆNÝJUR
ÞORSKHNAKKAR
VERTÍÐARÞORSKUR

2.390 kr/kg



Fiskikóngurinn

Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 587 7755




Lok til á lager:
Stærðir:
174x217 cm
200x200 cm
210x210 cm
217x217 cm
220x220 cm
217x235 cm
235x235 cm
8 hyrnd lok,
(passar á Unaðskel)

Lokin þola
1.000 kg
snjóþunga.

LOK Á HEITA POTTA

HITAVEITUSKELJAR 1250 - 1600 LÍTRAR



HEITIRPOTTAR.IS

SÍMI
777 2000

MORGUNMATURINN



„Ég borða hafragraut með kanil, trönuberjum eða rúsínum og grænum eplum flesta morgna. Spari er egg og beikon og morgundrykkurinn með er andoxunarsafi.“

Haraldur Einarsson, þingmaður Framsóknarflokksins.

Söng sig inn í hjörtu dómnefndar

Karólína Jóhannsdóttir sigraði fyrir hönd Menntaskólans í Reykjavík á laugardag.

„Þetta var frekar klikkað, ég hélt að Saga myndi vinna þetta,“ segir nýbakaður sigurvegari Söngkeppni framhaldsskólanna, Karólína Jóhannsdóttir.

Karólína er tvítugur nemandi Menntaskólans í Reykjavík og söng hún sig til sigurs ásamt fríðu föruneysi með laginu Go Slow sem hljómsveitin Haim gerði frægt.

„Ég vissi að ég ætti möguleika á að vinna þessa keppni en ég taldi ekki ólíklegt að Saga myndi hafa þetta,“ svarar Karólína er hún er spurð hinnar klassísku spurningar hvort hún hafi átt von á sigrinum. „En þegar tilkynnt var að hún væri í þriðja sæti bjó ég mig undir það besta,“ bætir hún glád-

lega við. Annað sætið hreppti Aron Hannes Emilsson fyrir hönd Borgarholtsskóla og tóð Saga Mattildur Árnadóttir söng fyrir Fjölbrautaskólann í Garðabæ og hafnaði í þriðja eins og áður segir.

Karólína segist hafa fagnað sigrinum í faðmi vina og vandamanna að lokinni keppni, syngjandi Abba-lög ásamt því að vera drekkt rækilega í hamingjuóskum. „Það var rosalega gaman, fólk var að segja svo mikið af fallegum hlutum. Þetta var bara geggjað,“ sagði Karólína. Fjölmargir tónlistarmenn hafa komið sér á kortið eftir þátttöku í keppninni en Karólína segist alls ekki viss með framhaldið. „Þetta var mögnuð reynsla, við sjáum svo til,“ útskýrði hún að lokum.



SIGURVÍMAN Keppnin var haldin í tuttugasta og fimmta skipti í ár og margur tónlistarmaðurinn hefur stigið sín fyrstu skref þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/EINKAÆIÐ

Nú göngum við af göflunum

MEIRA Á dorma.is

SQUERE

rúmgafi

Rúmgafi úr brúnu, hvítu eða svörtu PU leðri. Stærðir: 120, 140, 160, 180 cm. Verð að neðan miðað við rúmbreidd 120 cm.

Fullt verð: 27.900 kr.



20%
AFSLÁTTUR

Aðeins 22.320 kr.

OSLO

rúmgafi

Rúmgafi fæst í svörtu PU leðri, hvítu og í gráu áklæði. Stærðir: 120, 140, 160, 180 cm. Verð að neðan miðað við rúmbreidd 120 cm.

Fullt verð: 39.900 kr.



20%
AFSLÁTTUR

Aðeins 31.920 kr.

HELSINKI

rúmgafi

Rúmgafi fæst í svörtu PU leðri, hvítu og í gráu áklæði. Stærðir: 120, 140, 160, 180 cm. Verð að neðan miðað við rúmbreidd 120 cm.

Fullt verð: 39.900 kr.



20%
AFSLÁTTUR

Aðeins 31.920 kr.

Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100

Afgreiðslutími
Mán. til fös. frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

DORMA

Láttu drauminn rætast



SVEFNLAUSAR NÆTUR Manuela Ósk lagði mikið á sig fyrir sýninguna og er himinlifandi með afraksturinn. MYND/INGRÍÐ KARIS



MINIMALÍSK Sóley Jóhannsdóttir var lágstemmd í sinni hönnun og verslaði efnið sitt erlendis á hagstæðum kjörum. FRÉTTABLAÐIÐ/EINKAÆIÐ

Fékk Swarovski-steina frá Sonia Rykiel

Fatahönnunarsýning annars árs nema í LHÍ var stórglæsileg þetta árið, en þar sýndu á meðal annarra þær Manuela Ósk Harðardóttir og Sóley Jóhannsdóttir.


Fatahönnunarsýning annars árs nema í Listaháskólanum fór fram á fimmtudagskvöld. Sýningin, sem fór fram í Hörpu, var einstaklega glæsileg, en hún er afrakstur fimm vikna námskeiðs fatahönnunarbrotar.

„Þetta var alveg geðveikt. Mikil vinna og margar svefnlausar nætur, en alveg þess virði,“ segir Manuela Ósk Harðardóttir. Línun hennar var einkar glæsileg og segist hún hafa fengið góða hjálp frá utanaðkomandi aðilum. „Egert feldsker hjálpaði mér mikið og hann á mikið þakklæti skilið, en ég gerði bomberjakka þar sem ermarnar voru úr feld sem hann aðstoðaði mig við að gera. Einnig aðstoðaði Selma Ragnars klæðskeri mig mikið,“ segir hún. Annað efni í línuna segist hún hafa keypt í París og New York á ferðalögum sínum þangað, meðal annars sérstaklega meðhöndlað nautsleður. Henni barst svo óvæntur glaðningur frá vinum sínum í París. „Ég kom heim einn daginn og þá höfðu þau hjá Sonia Rykiel sent mér nokkur æðisleg efni og fullt af Swarovski-steinum sem var ótrúlega sætt af þeim,“ segir Manuela en hún hefur undanfarið ár verið aðstoðarkona hjá þeim yfir tískuvikurnar. Manuela segist ekki ætla að selja línuna sína. „Það er ekki mælt með því. Það er svo ótrúlega mikilvægt fyrir okkur að eiga og geta sýnt hvað við vorum að búa til. Hins vegar passa ég í flest fötin, þannig að ég kannski nota þau við gott til efni,“ segir hún og hlær.



TÖFF Jakinn sem Manuela gerði er einstaklega veglegur og töff.

MYND/HÖRÐUR ÁSBJÖRNSSON



GRAFÍSK Lína Sóleyjar var minimalísk með grafísku munstri.

MYND/HÖRÐUR ÁSBJÖRNSSON

hér heima. „Það er hægara sagt en gert að fá góð efni hér heima á góðu verði, en ég yann með bambussilki og bómull. Ég litaði græna efnið í vél, en það hvíta litaði ég með tei til þess að fá þennan off-white lit,“ segir hún. Sóley segist hafa samað alla línuna sjálf, með örlitilli hjálp frá ömmu sinni. adga@frettabladid.is

Voltaren[®]
Gel 

Voltaren Gel

Nú í enn STÆRRI pakka!



Verkjustillandi og bólgueyðandi!

Fæst án lyfseðils

Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktívítylamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meióslí í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglíngum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstgjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Pakkfyllti Græna hattinn

Rokkaði leikstjórinn **Baldvin Z** tróð upp með hljómsveitinni Toy Machine á Græna hattinum á laugardagskvöldið við gríðarlegar undirtektir. Hafði bandið ekki komið saman síðan það átti miklum vinsældum að fagna árið 2001. „Þetta var algjörlega geggjáð og húsið smekkfult,“ sagði Baldvin þegar Fréttablaðið heyrði í honum og var hann þá staddur

mitt á milli Akureyrar og Reykjavíkur. Pótti takast svo vel til að gælt er við þá hugmynd að endurtaka leikinn. „Jafnvel komum við aftur saman með haustinu, þá fyrir sunnan,“ segir Baldvin, auðheyranlega í skjólinum með gærkvöldið. -ga



Blóðbergsbarnið

Á föstudag var nýjasta afurð Vesturports, Blóðberg, frumsýnd í Egilshöll og mætti þar múgur og margmenni. Meðal þeirra sem létu sjá sig var **Sveinn Ólafur Gunnarsson**, sem fer með nokkuð viðamiklú hlutverk í myndinni. Mætti hann ásamt ófrískri eiginkonu sinni, Jóhönnu Helgu Thorkelsdóttur sjónlistakonu. Þegar rétt um korter var liðið af

sýningu myndarinnar urðu þau frá að hverfa þar sem Jóhanna Helga var komin af stað í fæðingu. Heimildir herma að klukkustund síðar hafi hjónin verið komin með nýjan fjölskyldumeðlim í fangið, lítinn dreng. -ga



Mest lesið **vísir**

- 1 Á vergangi vegna veikinda
- 2 Pawel hvattur í forsetaframboð
- 3 Hvassahraun skoðað undir alþjóðaflugvöll
- 4 Snorri sýknaður: Íhugar að snúa aftur til starfa í Brekkuskóla
- 5 Keypti lottómiða á bensinstöð á Sauðárkróki og varð milljónum ríkari
- 6 Tíu til tólf bílar skildir eftir í Víkurskarði
- 7 Hálsa og hálkublettir víða um landið

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

50% AFSLÁTTUR Í 10 DAGA

Á HVERJUM DEGI - Í TÍU DAGA - VELJUM VIÐ EINA TEGUND AF RÚMI OG SELJUM MEÐ 50% AFSLÆTTI



FARYN PLUSH
Queen size (153x203 cm)

VIÐ GERÐUM ÞETTA Á SÍÐASTA ÁRI
OG GERUM AFTUR NÚNA
KOMDU STRAX AF ÞVÍ AÐ ÞETTA
TILBOÐ GILDIR BARA Í DAG

Í DAG ER ÞAÐ FARYN PLUSH
FULLT VERÐ 282,083 Kr.
NÚ 141,041 Kr.
MEÐ 50% AFSLÆTTI

TILBOÐIÐ GILDIR MEÐAN BYRGÐIR ENDAST

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ROYAL-HEILSUKODDUM

GILDIR MEÐAN BYRGÐIR ENDAST

rekkjan